



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Ársskýrsla

2018



Skýrsla formanns	5
Hvernig má hámarka virði sjávarauðlindar?	8
Stjórn SFS 2017	16
Fjárfesting	18
Efnahagsmál	21
Fiskeldi	31
Fiskiskipaflotinn árið 2017	35
Orkunotkun í íslenskum sjávarútvegi	37
Brexit	44
Alþjóðamál	54
Fiskimál	60
Kjaramál	64
Samstarfsvettvangur	69
Menntamál	70
Saltfiskur	73

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Útgefandi: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Hönnun og umbrot: Jónsson & Le'macks
Ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Litróf, umhverfisvottuð prentsmiðja

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0300, www.sfs.is

Ágæti félagsmaður.

Alþingiskosningar, stórhækkaðar álögur á greinina, fjárhagsleg endurskipulagning og samskipti á alþjóðavettvangi voru meðal stærstu verkefna samtakanna síðastliðið starfsár.



Jens Garðar Helgason

Kjarasamningar
Fulltrúar sjómanna og SFS hafa hist reglulega til að vinna áfram í bókunum sem samþykktar voru í kjarasamningum og er sú vinna á góðu skriði. Verður þetta vonandi til þess að þegar samningar losna árið 2019 verði búið að undirbúa jarðvegin vel og ekki komi til viðlíka átaka og við upplifðum við gerð síðustu samninga. Um næstu áramót eru samningar landverkafólks lausir og er SFS í nánú samstarfi og samráði við SA vegna þeirra. Þrátt fyrir töluverðar sviptingar innan verkalyðshreyfingarinnar er það von mín að ekki komi til átaka við gerð samninga og er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins og hið opinbera haldi vel á spilunum á komandi mánuðum.

Miklar launahækkanir eru enda stór áhrifaþáttur í minnkandi samkeppnishæfni íslenskra útflutningsgreina undangengin misseri.

Gengi íslensku krónunnar
Áframhaldandi sterkt gengi krónunnar er myllusteinn um háls útflutningsgreina á Íslandi. Hækkanir á kostnaðarliðum og opinberum gjöldum innan- lands hafa gert það að verk- um að rekstrarumhverfi útflutningsfyrirtækja er erfiðara en vera þyrfti. Það er því óhætt að segja að þetta er að hluta til heimatilbúið vandamál þar sem álögur heima fyrir herða enn frekar rekstrarskilyrði fyrirtækjanna. Erfitt er að spá fyrir um gengi krónunnar en þær fréttir sem nú berast af ferðapjónustunni og meira jafnvægi í fjölgun ferðamanna gefa tilefni til að ætla að krónan muni gefa eitthvað eftir.

Alþingiskosningar
Miklar væringar hafa verið á hinu pólitíska sviði undanfarna mánuði og ár. Sú ríkisstjórn sem var mynduð eftir kosningarnar 2016 lifði einungis í tæpt ár og því var boðað aftur til kosninga í haust. Átta flokkar náðu manni á þing og ljóst varð að þeim loknum að ekki var einboðið

hvernig stjórn settist að völdum. Að lokum var þó mynduð ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokksins og Vinstri- grænna. Er það von okkar að nú sé kominn sá pólitíski stöðugleiki sem heimili og atvinnulíf í landinu hafa beðið eftir og að gott samstarf verði við nýja ríkisstjórn um hagsmuni greinarinnar.

Gjaldtaka
Veidigjaldið fyrir fiskveiðiárið 2017/18 sem miðast við afkomu greinarinnar árið 2015 er ekki í neinum takti eða raunveruleika við afkomu og gengi íslensks sjávarútvegs í dag. Er nú svo komið að veiðigjaldið eitt og sér er raunverulega að sliga mörg sjávarútvegsfyrirtæki um land allt og er löngu tímabært að stjórnvöld bregðist við. Nýleg skýrsla sem Deloitte gerði fyrir atvinnuvegaráðuneytið, um stöðu íslensks sjávarútvegs, undirstrikar varnaðarorð SFS um að gjaldheimta ríkisins sé löngu komin yfir þolmörk greinarinnar. Hér er um að ræða svo brýnt mál fyrir sjávarútvegsfyrirtæki um land allt, sem eru burðarstólpar atvinnulífs í sínum samfélögum, að stjórnvöld verða að bregðast við sem fyrst og leiðréttja gjaldið.

Því miður höfðu snemmbúnar þingkosningar og langvarandi stjórnarmyndunarviðræður þau áhrif að lítið var aðhafst af hálfu þingsins í þessu brýna máli í vetur. Hátt veiðigjald skall því á af fullum þunga 1. september og enn hafa engar tillögur komið fram um breytingu þar á, þrátt fyrir að flestir þingmenn hafi tekið undir áhyggjur SFS af erfiðum rekstrarskilyrðum sjávarútvegsfyrirtækja að óbreyttu.

Hér er um forgangsmál að ræða í starfi SFS. Frá því í byrjun árs 2017 hefur veiðigjaldahópur innan SFS unnið að ítarlegum tillögum til breytinga á veiðigjaldi. Tillögur þessar hafa nú verið kynntar á fundum með félagsmönnum í vetur, auk þess sem þær hafa verið kynntar þingmönnum, atvinnu-veganefnd Alþingis, sérfræðingum í sjávarútvegsráðuneyti og veiði-gjaldsnefnd. Það er von okkar að unnt sé að ná fram mikilvægum leiðréttingum á röngum forsendum gjaldsins. Gjaldtakan verður eðli málsins samkvæmt að vera bæði hófleg og gagnsæ, þannig að hér fái þrifist fjölbreyttur og öflugur sjávarútvegur.

Í desember gaf SFS út Umhverfis-skýrslu í tilefni af því að tvö ár voru liðin frá undirritun

Parísarsamkomulagsins. Í skýrslunni kemur fram að ís-lenskur sjávarútvegur er eina atvinnugreinin á landinu sem hefur nú þegar náð markmiðum samkomulagsins. Kemur það meðal annars til af rafvæðingu fiskimjölsverksmiðjanna og endurnýjun skipaflotans. Því skýtur það skökku við að íslensk stjórnvöld hækkuðu kolefnisgjaldið um 50% síðastliðin áramót og stefna að því að hækka það um önnur 20% á kjörtímabilinu. Nam hækkun gjaldsins nú um áramótin um 600 milljónum króna á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Þá er ótalin sú hækkun sem óhjákvæmilega mun skella á sjávarútveginum vegna hækkandi flutningsgjalda innanlands. Í ljósi þess að margar atvinnugreinar eru undanþegnar kolefnisgjaldinu þá eru þessar hækkanir furðuleg skilaboð til þeirrar atvinnugreinar sem mest hefur lagt af mörkum í atvinnulífinu til að minnka kolefnisspor Íslands.

Alþjóðasamskipti og samningar
SFS hefur eins og undanfarin ár verið virkt í að gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs á alþjóða-vettvangi og vil ég vísa í samantekt þeirra Kristjáns Þórarinssonar og Hrefnu Karlsdóttur hér í ársskýrsl-

unni sem og greiningu Friðriks Þórs Gunnarssonar á BREXIT. Eins og sjá má á skrifum þeirra þá eru verkefnin mörg og mjög mikilvægt er að samtökin haldi vöku sinni á alþjóðavettvangi.

Markaðsmál
Eftir endurskoðun á markaðs-verkefninu ákvað stjórn SFS að fá Helga Má Björgvinsson til að endurmóta verkefnið. Í framhaldi af þeirri vinnu ákvað stjórn SFS að halda verkefninu áfram en hafa það þó minna í sniðum en upphaflega var áætlað. Viðar Engilbertsson hóf störf nú í febrúar sem sérfræðingur í markaðsmálum hjá SFS og vinnur hann að undirbúningi. Fyrsti hluti þess er að taka þátt í markaðsátaki Íslandsstofu sem tengist HM í Rússlandi í sumar.

Hafrannsóknir
Á sama tíma og þörf hefur aukist fyrir hafrannsóknir á undanförunum árum hefur áhersla stjórnvalda á málaflokkinn minnkað. Samtökin leggja þunga áherslu á að stjórn-völd setji aukinn kraft í rannsóknir á auðlindum sjávar enda mikið í húfi fyrir þjóðarhag. Samhent átak þarf til að auka rannsóknir, ekki síst vegna breytinga á skil-yrðum í hafinu, breyttu göngu-mynstri fiskistofna og krafna frá

alþjóðasamfélaginu og útflutnings-mörkuðum. Heiðrún Lind Marteins-dóttir, framkvæmdastjóri SFS, fer betur yfir þessi mál í grein sinni hér í ársskýrslunni.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi styrktu Mátis til að vinna verkefnið *Næringargildi sjávarafurða - merkingar og svörun*. Verkefnið miðaði að því að styrkja íslenskan sjávarútveg í alþjóðlegri samkeppni á kröfuhörðum mörkuðum, einkum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Aðildarfyrirtækjum SFS gefst kostur á að nýta sér niðurstöður rannsóknarinnar. Um er að ræða skýrslu með upplýsingum um næringargildi ásamt leiðbeiningum. Snemma árs 2017 var stofnaður Öryggishópur innan SFS með það að markmiði að fækka slysum og óhöppum í fiskvinnslum. Í hópnum eru fulltrúar aðildarfyrirtækja SFS, auk fulltrúa SFS. Ákveðið var að ráðast í gerð Öryggishandbókar fyrir fiskvinnslur og er hún nú aðgengileg á vef samtakanna þar sem öryggisstjórar eða þeir sem sinna öryggismálum hjá sjávar-útvegsfyrirtækjum geta nálgast hana.



Starfsemi skrifstofu SFS
Á síðastliðnu ári var ákveðið að setja aukinn kraft í efnahags- og kynningarmál og hefur það verkefni verið fjármagnað a.m.k. til næstu þriggja ára af sex fyrirtækjum. Einnig var bætt við stöðugildi lögfræðings og eru nú starfandi tveir lög-fræðingar á skrifstofu samtak-anna. Auk þess hefur fjárhagsleg endurskipulagning á rekstri sam-takanna gengið vel og er rekstur SFS orðinn sjálfbær, sem gerir samtökunum kleift að takast á við þau verkefni sem falla til hverju sinni, að veita félagsmönnum góða og öfluga þjónustu. Mikil endur-nýjun hefur átt sér stað á skrifstofu samtakanna síðastliðið starfsár og er óhætt að fullyrða að þar sé valinn maður í hverju rúmi.

Ágæti félagsmaður
Þrátt fyrir að rekstrarumhverfi íslensks sjávarútvegs sé erfitt um þessar mundir þá hefur greinin einnig sýnt að þrátt fyrir það ætlar hún að vera áfram í fremstu röð - horfa til framtíðar og halda stöðu sinni sem sjávarútvegur í forystu á heimsvísu. Með nýjum og bættum fiskiskipaflota, fjár-festingu og tæknivæðingu í land-vinnslu og með stöðugri sókn í nýsköpun og markaðssetningu

íslenskra sjávarafurða höldum við ótrauð áfram á þeirri braut. Ef einhverjir kunna að takast á við öldusjö þá eru það íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og eins og oft áður munum við kinnroðalaust takast á við hverjar þær áskoranir sem á vegi okkar verða, þjóðinni til heilla. Vil ég að lokum þakka starfsfólki SFS fyrir gott og óeigin-gjarnt samstarf fyrir greinina og þakka félagsmönnum kærlega fyrir góð og ánægjuleg samskipti á starfsárinu sem nú er á enda runnið.

Hvernig má hámarka virði sjávarauðlindar?

Auðlindir Íslands eru hluti af auðlegð okkar. Virði auðlinda liggur fyrst og síðast í hagnýtingu, enda verða þá til bæði tekjur og störf. Stjórnvöld gegna veigamiklu hlutverki við að tryggja að virði auðlinda sé hámarkað til langs tíma, en ekki aðeins til skamms tíma. En hvernig eiga stjórnvöld að hámarka virði auðlinda? Hér er um að ræða grundvallarspurningu, sem þörf er á að svara. Í dægurprasinu gleymast nefnilega því miður oft og tíðum grundvallaratriði, markmið - og jafnvel skynsemi.

Sá misskilningur virðist lífseigur, að efnahagslegur ávinningur þjóðarinnar af auðlindum verði helst hámarkaður með skattlagningu og gjaldtöku ýmiss konar. Vel kann að vera að með slíkum aðgerðum aukist tekjur ríkissjóðs til skamms tíma. Til lengri tíma verður virði auðlinda þó ekki hámarkað með þeim hætti. Sjálfbær virðisaukning verður fyrst og síðast til vegna rekstrarskilyrða sem stjórnvöld búa þeim sem nýta auðlindir til sjávar og sveita. Köllum þetta jarðveg.

Tryggi stjórnvöld frjóan og góðan jarðveg munu einstaklingar og fyrirtæki sá þar sprotum, rækta, hlúa að og uppskera ríkulega. Og þá má spyrja, hvers konar jarðvegur telst góður svo hann leiði til þess að virði auðlinda sé hámarkað? Slíkur jarðvegur þarf að grundvallast á trausti og fyrirsjáanlegu laga- umhverfi, skattar og gjöld þurfa að vera hófleg, innviðir þurfa að uppfylla þarfir fólks og fyrirtækja, fjárfesta þarf í rannsóknum - og eftirlit og viðurlög þurfa að vera virk. Takist að útbúa slíkan jarðveg, munu þeir sem nýta auðlindir landsins uppskera og skapa virði fyrir þjóðfélagið í heild.


Þá er að spyrja hvernig til hefur tekist í sjávarútvegi hér á landi? Hefur stjórnvöldum tekist að skapa jarðveg sem hámarkar virði sjávarauðlindarinnar?

Lagaumhverfi - umbylting boðuð reglulega
Íslendingum hefur blessunarlega tekist að þróa sjálfbæran sjávarútveg. Fiskveiðistjórnunarkerfi var ekki sett á laggirnar án sársauka og það var sannanlega ekki fullkomið frá fyrsta degi. Okkur hefur hins vegar auðnast að læra af mistökum - oftast - og sífellt unnið að því að bæta kerfið þannig að viðhalda megi og efla fiskistofna hér við

land. Að þessu leyti stöndum við öðrum þjóðum framar og til okkar er lítið á alþjóðavettvangi þegar málefni hafsins eiga í hlut.

Þrátt fyrir óumdeildan árangur við stjórn fiskveiða og nýtingu auðlinda sjávar býr íslenskur sjávarútvegur, ein atvinnugreina, við þá ógn að einstakir þingmenn eða jafnvel stjórnmalaflokkar telja þörf á að umbylta laga- og starfsumhverfi sjávarútvegsins. Vafalaust má bæta stöku þætti í fiskveiðilöggjöfinni, en grundvallarbreytingar eða kerfisbreytingar eins og einhverjir kjósa að kalla hugmyndir sínar, fela í sér fádæma áhættu. Raunar leiðir hin lífseiga og viðvarandi ógn um að grundvallarbreytingar kunni að eiga sér stað til þess að virði auðlindarinnar rýrnar. Ekki aðeins fælir hún aðila frá því að leggja fjármuni til sjávarútvegsfyrirtækja, heldur fælir hún einnig þá sem þegar starfa í sjávarútvegi frá greininni. Þessu til staðfestingar má nefna að fjármagnseigendur, fjárfestar og lánveitendur, leggja sérstakt áhættuálag á sjávarútveg vegna einmitt þessa þáttar. Það er því miður staðreynd, og það sorgleg, að áhætta vegna stjórnmála er reiknuð inn í vaxtaálag vegna lána til fyrirtækja í sjávarútvegi. Þá er áhugavert til þess að líta að

Útflutningsverðmæti sjávarafurða Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs



færeysk stjórnvöld samþykktu nýverið grundvallarbreytingar á fiskveiðilöggjöf sinni, en slík breyting var fyrst boðuð fyrir 10 árum. Í skýrslu þverpólítískrar nefndar þar í landi um mat á heppilegum leiðum til breytinga var þess sérstaklega getið, að frá því að breytingar voru boðaðar fyrir áratug hafi ekkert nýtt skip bæst við fiskveiðiflota Færeyinga. Þetta á ekki að koma á óvart, enda leitar fjármagn sjaldnast í óstöðugt eða óljóst lagaumhverfi. Þá getur enginn sagt fyrir um hvernig hinu

nýja kerfi í Færeyjum muni reiða af. Óvissan um það leiðir enn til þess að fjárfestar og fyrirtæki í greininni halda að sér höndum.

Í ljósi fyrrgreinds er ekki óvarlegt að ætla að viðvarandi ógn og yfirlýsingar um umbyltingu á hinni íslensku löggjöf hafi komið í veg fyrir hámarkun á virði fiskveiðiauðlindarinnar.



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

„Verði engin breyting gerð á veiðigjaldi á þessu ári, má áætla að tekjuskattur og veiðigjald verði um 58-60% af hagnaði í sjávarútvegi.“


Skattheimta
– **heimsmet í höndum Íslendinga**
Virði sjávarauðlindar verður ekki hámarkað með óhóflegri skattlagningu. Taka ber fram að það stendur ekki á sjávarútveginum að leggja til samneyslunnar það sem honum ber, en gjöld langt umfram það sem önnur fyrir-tæki í sjávarútvegi annars staðar í heiminum er gert að greiða, munu til lengri tíma hafa slæmar afleiðingar. Ekki bara fyrir sjávarútveginn, heldur fyrir þjóðina í heild. Höfum hugfast að rúmlega 98% af öllum afla fer á alþjóðlegan markað. Þar er víglína íslensks

sjávarútvegs, sem mörgum virðist hulin. Án fótfestu á alþjóðlegum markaði er tómmt mál að tala um íslenskan sjávarútveg sem eina af undirstöðuatvinnugreinum á Íslandi.

Sjávarútvegsfyrirtækjum er gert að greiða veiðigjald. Ýmsum þykir það lágt. Nú er það svo að tekjuskattur fyrirtækja er 20% – einnig sjávarútvegsfyrirtækja. Þegar búið er að bæta veiðigjaldi við, þá hafa þessir tveir skattstofnar verið nærri 44% af hagnaði að meðaltali á ári hverju frá árinu 2010. Verði engin breyting gerð á

Veiðigjald og tekjuskattur

Milljarða króna á verðlagi hvers árs og sem hlutfall af hagnaði



veiðigjaldi á þessu ári, má áætla að tekjuskattur og veiðigjald verði um 58-60% af hagnaði í sjávarútvegi. Það gefur augaleið að svo umfangsmikil gjaldtaka hefur skaðleg áhrif. Hún mun draga harkalega úr samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og ýta undir samþjöppun sem ella hefði ekki orðið.

Þó helst sé rætt um veiðigjald þegar kemur að gjalddöku í sjávarútvegi, þá er önnur gjaldd taka hér á landi einnig langt umfram það sem þekkist hjá samkeppnisþjóðum okkar. Ef litið er til Noregs, Færeyja og Grænlands, okkar helstu samkeppnisþjóða í sjávarútvegi, eru launatengd gjöld hér á landi til muna hærri en hjá þessum þjóðum, kolefnisgjald er herra og bæði stimpilgjald og aflagjald þekkjast einvörðungu hér á landi. Þá hefur skerðing aflaheimilda ekki þekkt til þessa í nefndum ríkjum, en hér á landi er skerðingin 5,3%. Í skerðingunni hér á landi felst eðli máls samkvæmt óbein gjaldtaka.

Enn eru aðilar sem telja þörf á að skattleggja sjávarútveg frekar. Staðreyndin er hins vegar sú að skattheimta hér á landi er langt umfram það sem þekkist hjá þeim þjóðum sem íslenskur sjávarútvegur á í harðri samkeppni við

á alþjóðlegum markaði. Skattheimtan, ein og sér, dregur þannig úr samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og kemur í veg fyrir að virði auðlindarinnar sé hámarkað.


Innviðir – vanmetið mikilvægi
Innviðir skipta afar miklu máli, hvort sem litið er til þeirra í sínum víðasta skilningi, eða sértækari, eins og vega, hafna, flugvalla, netsambands eða orkuflutninga. Allt hefur þetta afgerandi áhrif á það hvernig gengur í íslenskum sjávarútvegi.

Útflutningur á ferskum sjávarafurðum hefur stórauðist á síðustu árum, á kostnað annars konar vinnslu eins og frystingar. Ferskur fiskur er verðmætari en frystur og er þessi breyting þar með fyrst og fremst drifin áfram af því að skapa virðisauka í framleiðslu sjávarafurða.

Árið 1999 nam útflutningsverðmæti ferskra sjávarafurða um 10% af útflutningsverðmæti sjávarafurða í heild. Á síðustu tveimur árum hefur hlutfallið verið um 24%. Þorskurinn vegur þar langþýngst en frá árinu 1999 hefur útflutt magn af ferskum þorskafurðum þrefaldast. Á sama tímabili hefur aðeins verið 10% aukning í útflutningi á frystum þorskafurðum og 41% samdráttur í


Útflutningur þorskafurða

Magnvísitölur þar sem 1999=100



Útflutningsverðmæti þorskafurða

Í milljónum evra á verðlagi hvers árs




„Á tímabilinu 2013 til dagsins í dag hafa 16 ný skip komið til landsins, þar af 9 ísfisktogarar.“

Fjárfesting í fiskveiðum

Í milljörðum króna á föstu verðlagi m.v. 2017

Heimild: Hagstofa Íslands



söltuðum þorskafurðum. Þá hefur verðmæti útflutnings á ferskum þorskafurðum, í hlutfalli við verðmæti útfluttra frystra afurða, farið úr tæplega 20% í tæplega 50%.

Ofangreind áherslubreyting á ferskan fisk, og þar með virðisauka í framleiðslu sjávarafurða, er einungis möguleg með nútímataækni í flutningum og verulegri fjárfestingu af hálfu sjávarútvegsfyrirtækja í nýjustu tækjum og búnaði. Á tímabilinu 2013 til dagsins í dag hafa 16 ný skip komið til

landsins, þar af 9 ísfisktogarar. Þetta sýnir glögglega áherslur sjávarútvegsfyrirtækja á ferskar afurðir. Eðli máls samkvæmt hefur þetta leitt til verulegrar aukningar í útflutningi sjávarafurða á markað með flugi. Það þarf að veiða fiskinn, koma honum frá sér í höfn, flytja með bíl á áfangastað og fljúga svo með hann á markað. Þetta ferli þarf að taka skamman tíma og fiskur sem kemur að landi í íslenskri höfn, er oft og tíðum kominn á disk neytanda í útlöndum innan 48 klukkustunda. Innviðir sem hér

hafa verið nefndir; hafnir, vegir, flugsamgöngur og fjarskipti, þurfa því að vera í góðu lagi. Fjárfesting stjórnvalda þarf þannig að styðja við áðurgreinda fjárfestingu fyrirtækjanna.

Samtök iðnaðarins gáfu út skýrslu í fyrra undir heitinu Innviðir á Íslandi - ástand og framtíðarhorfur. Niðurstaða höfunda er í grófum dráttum sú að hluti innviða er í viðunandi ástandi, en stór hluti þeirra í slæmu ástandi. Brýn nauðsyn væri því á viðhaldi og fjárfestingum. Hafnir og innanlandsflugvellir komu þar verst út og samkvæmt skýrslunni þýðir það „...að meiriháttar hindranir takmarka getu þessara innviða til að uppfylla kröfur og þarfir ársins 2027.“ Vegir eru jafnframt metnir í það slæmu ástandi að þó svo að fjárfest verði í vegasamgöngum á næstu 10 árum þá munu vegir ekki mæta betur kröfum og þörfum árið 2027 en þeir gera nú. Öllum má vera kunnugt um ástand vega hér á landi og því eru þessar niðurstöður mikið áhyggjuefni.

Sjávarútvegsfyrirtæki eru vítt og breitt um landið og víða bústólpi sinnar sveitar. Til að standast alþjóðlega samkeppni og tryggja samkeppnishæfni sjávarútvegs til

ábata fyrir þjóðfélagið í heild, þurfa nefndir innviðir að vera í góðu lagi. Fiskur þarf að komast hratt og vel úr sjó og á disk neytanda erlendis. Án öflugra innviða verður íslenskur sjávarútvegur því hvorki fugl né fiskur - í bókstaflegri merkingu. Af þessum sökum verður virði sjávarauðlindarinnar ekki hámarkað nema stjórnvöld bæti verulega í fjárfestingar til innviða.


Rannsóknir - skorið við nögl
Tekjum ríkisins er ætlað að standa undir rekstri ríkisstofnana. Varðandi sjávarútveginn, þá er veiðigjald lagt á skv. 2. gr. laga nr. 74/2012 „...til að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar.“ Því miður hefur stjórnvöldum illa auðnast að ráðstafa fjármunum í samræmi við nefnt lagaákvæði.

Miðað við þarfir sjávarútvegsins má segja að starfsemi Haf-rannsóknastofnunar sé komin í öngstræti. Hafa ber í huga að nýting sjávarauðlindar og tækifæri til sölu afurða á bestu útflutningsmörkuðum gera miklar kröfur til hafrannsóknar og vísinda. Fjárskortur og

Atvinnutekjur í sjávarútvegi árið 2016 eftir landshlutum

Sem hlutfall af heildaratvinnutekjum

Heimild: Byggðastofnun




mannekla hefur, það sem af er þessari öld, leitt til viðvarandi samdráttar í rannsóknum á sviði vistfræði og haffræði og skyldra greina og vöktun á nytjastofnum hefur eðlilega haft forgang að fjármunum. Á sama tímabili hafa umhverfisaðstæður á Íslands-miðum breyst með þeim hætti að streymi hlýsjávar kringum landið hefur aukist hlutfallslega og nú teygir hlýsjávarsvæðið sig langt norður og vestur fyrir landið þar sem áður var kaldari sjór. Þessi breyting hefur haft víðtækar af-

leiðingar fyrir lífríkið, til dæmis á útbreiðslu loðnu, ýsu og fleiri tegunda til norðurs, auk þess sem þekkt sambönd sem áður höfðu verið metin þarfnast nú endurmats við breyttar aðstæður. Á sama tíma hafa stórir nytjastofnar uppsjávar-tegunda gengið á Íslandsmið — síld, kolmunni og makrill — sem gera ríkari kröfur um verulega auknar rannsóknir af ýmsum ástæðum. Má þar meðal annars nefna samninga um hlut Íslands úr viðkomandi stofnum og þarfir vegna stofnmats og rannsókna á áhrifum þessara

„ekki er seinna vænna að hefja nauðsynlega endurnýjun rannsóknaskipa ...“

Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum

Í þúsundum króna á dag



fiska á fæðukeðjuna og vistkerfin á svæðinu, sem aftur gerir auknar kröfur um dýrt úthald rannsóknarskipa. Sömu sjónarmið eiga við um loðnurannsóknir og sérstaklega loðnumælingar, eins og glögglega hefur komið í ljós á undanfórnum árum.

Til viðbótar má nefna alþjóðlegar kröfur almennt um varúðarleið við stjórn fiskveiða og vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða. Á báðum þessum sviðum vantar talsvert upp á að brýnni rannsókna- og kynningarþörf sé mætt. Jafnframt ber að nefna að rannsóknir á nýtingu fjölmargra minni fiskistofna

hafa ekki verið stundaðar með ásættanlegum hætti. Til viðbótar þessu skal bent á að ekki er seinna vænna að hefja nauðsynlega endurnýjun rannsóknaskipa, þar stefnir í óefni.

Fá dæmi eru skýrari en þau þegar stjórnvöld hafa viljað „spara“ sem nemur ef til vill um hundrað milljónum króna og fara þannig á mis við góða möguleika á jafnvel tugmilljarða króna verðmætasköpun af loðnuveiðum. Þótt dæmin á öðrum sviðum veiða séu kannski ekki jafn skýr og í loðnu, og komi fram á lengri tíma, þá eru þau eðlislík og byggjast á sömu skamm-

sýni. Því er bæði brýnt og mikilvægt að efla hafrannsóknir á öllum sviðum sjávarútvegs. Skortur á fjármagni til rannsókna leiðir til þess að óvissa um ástand fiskistofna er meiri og afrakstur þeirra til lengri tíma litið þar með að líkindum minni. Virði auðlindarinnar verður því ekki hámarkað að óbreyttu.

Stjórnsýsla - hreppaflutningar og veruleg fjármögnun fyrirtækja
Mikilvægt er að stofnanir ríkisins á sviði sjávarútvegs geti sinnt hlutverki sínu. Til þess þurfa fjárveitingar til þeirra að vera í samræmi við skyldur þessara aðila. Það fellur í hlut stjórnvalda að ráðstafa fjármunum sem til falla í formi veiðigjalds, saman ber áðurgreint lagaákvæði, til þessara stofnana. Ótækt er að kostnaði sé í verulega auknum mæli varpað á atvinnugreinina í formi gjaldtöku. Af handahófi má nefna að samkvæmt frumvarpi til laga um veiðigjald var gjaldinu meðal annars ætlað að mæta kostnaði við eftirlitsmenn um borð í skipum. Þessi vilji löggjafans hefur ekki gengið eftir og sjávarútvegsfyrirtæki greiða sérstaklega fyrir veru eftirlitsmanna um borð. Gjaldið hefur raunar hækkað um 181% frá árinu 2015. Fyrir þann tíma hafði gjaldið lengi verið fast í 29.000 kr., en með lagabreytingu sem átti sér stað á árinu 2016 hækkaði það upp í 68.500 kr. Frá þeim tíma hefur

gjaldtakan tekið breytingum miðað við launavísitölu Hagstofunnar og er hún nú komin upp í 81.600 kr.

Þá verður í þessu samhengi ekki hjá því komist að gera flutning Fiskistofu til Akureyrar að umfjöllunarefni. Vafalaust mátti finna fyrir því einhver rök að þjóðhagslega hagkvæmt væri að flytja svo veigamikla stofnun frá öðrum stjórnareiningum sjávarútvegs. Hins vegar má fullyrða að rökin gegn flutningum voru til muna veigameiri og mikilvægari. Forstjóri Fiskistofu hefur tjáð sig um áhrif þessara flutninga og var tilefnið þá skýrsla Ríkisendurskoðunar frá árinu 2016 um flutning fimm stofnana á milli landshluta á árunum 1997-2007. Taldi hann þá að flutningar hefðu neikvæð áhrif á starfsgetu stofnunarinnar næstu 3-5 árin, hætta væri á að upplifun notenda af þjónustunni biði hnekki, auk þess sem hætta væri á að samstarf við fagráðuneyti stofnunarinnar og helstu samstarfsaðila, líkt og Hafrannsóknastofnun, yrði minna en ella. Taka má heilshugar undir þetta mat forstjóra Fiskistofu. Við það má bæta að upplifun sjávarútvegsfyrirtækja af þjónustu Fiskistofu hefur því miður beðið hnekki. Það á í raun ekki að koma á óvart. Mikil



endurnýjun starfsmanna vegna flutninganna hefur leitt til þess að grundvallarþekking hefur tapast og tíma mun taka að byggja hana upp. Löggjöf um stjórn fiskveiða er um margt flókin. Fyrirvaralaus breyting á stjórnsýsluframkvæmd og breytt túlkun lagaákvæða með nýjum starfsmönnum hefur oftsinnis skapað glundroða undangengin misseri og traust á milli stofnunarinnar og atvinnugreinarinnar hefur beðið hnekki. Af þessum sökum má efast um að stjórnvöld hafi hugað nægilega vel að neikvæðum áhrifum hreppaflutninganna og þar síst haft hagsmuni sjávarútvegs í forgrunni.

Ekki má vanmeta mikilvægi stöndugrar stjórnsýslu í flóknu umhverfi sjávarútvegs. Takmarkaðar fjárveitingar og vanhugsaðar grundvallarbreytingar á starfsemi einstakra stofnana leiðir, bæði beint og óbeint, til aukins kostnaðar. Sá kostnaður kemur síðan í veg fyrir að virði sjávarauðlindarinnar sé hámarkað.

Að lokum

Líkt og áður var nefnt, hefur Íslendingum auðnast að þróa fiskveiðistjórnunarkerfi sem er sjálfbært og skilar störfum og fjármunum til samfélagsins. Margt er því vel gert. Ef rétt er

haldið á spilum verður íslenskur sjávarútvegur enn verðmætari fyrir samfélagið allt. Drifkraftur fyrirtækja og einstaklinga er sannanlega til staðar og af þeim sökum verður skylda stjórnvalda þeim mun ríkari að búa svo um hnúta að hér sé frjór jarðvegur. Jarðvegur sem tryggir gott, stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi. Jarðvegur sem stuðlar að því að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki geti skarað fram úr í harðri alþjóðlegri samkeppni. Auðnist stjórnvöldum að skapa þennan jarðveg verður markmiðinu um að hámarka virði sjávarauðlindarinnar náð, samfélaginu öllu til heilla.

**Stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi
kosin á aðalfundi samtakanna 19. maí 2017**

Jens Garðar Helgason, *formaður
Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi*

Anna Guðmundsdóttir
fjármálastjóri. Gjögur hf.

Ásgeir Gunnarsson *útgerðarstjóri.
Skinney-Þinganes hf.*

Bergur Þór Eggertsson
*aðstoðarframkvæmdastjóri.
Nesfiskur hf.*

Einar Valur Kristjánsson
*framkvæmdastjóri.
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.*

Eiríkur Tómasson
framkvæmdastjóri. Þorbjörn hf.

Erla Pétursdóttir *gæða- og
þróunarstjóri. Vísir hf.*

Guðmundur Smári Guðmundsson
*framkvæmdastjóri. Guðmundur
Runólfsson hf.*

Gunnþór Ingvarsson
framkvæmdastjóri. Síldarvinnslan hf.

Helgi Anton Eiríksson
framkvæmdastjóri. Iceland Seafood.

Hjálmar Kristjánsson
framkvæmdastjóri. KG Fiskverkun.

Jón Eðvald Friðriksson
framkvæmdastjóri. FISK-Seafood hf.

Kristján Loftsson *stjórnarformaður.
HB Grandi hf.*

Kristján Vilhelmsson *útgerðarstjóri.
Samherji Ísland ehf.*

Ólafur Rögnvaldsson
*framkvæmdastjóri. Hraðfrystihús
Hellissands hf.*

Páll Guðmundsson
framkvæmdastjóri. Huginn hf.

Sigurður Viggósson
stjórnarformaður. Oddi hf.

Stefán Friðriksson
*framkvæmdastjóri.
Ísfélag Vestmannaeyja hf.*

Ægir Páll Friðbertsson
framkvæmdastjóri. Brim hf.

Eskja 2017

Nýtt uppsjávarfrystihús

Meiri verð- mæti með betri nýtingu



Fjárfesting


Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa ráðist í miklar fjárfestingar á undanförnum árum og eru þau hvergi af baki dottin í þeim efnum. Fjárfesting er lykillinn að framþróun íslensks sjávarútvegs og bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja í harðri alþjóðlegri samkeppni, en um 98% af íslensku sjávarfangi eru seld á alþjóðlegum markaði. Að sama skapi skiptir hún miklu máli fyrir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar enda er sjávarútvegur þar ein megin-stoðin og skilar einna mestum verðmætum af hverri aflaðri krónu til þjóðarbúsins.

Metfjárfesting árið 2017


Fjárfesting í sjávarútvegi nam alls 37 milljörðum króna á árinu 2017, sem er sú mesta sem verið hefur á þeim tíma sem liðinn er frá því að lög um stjórn fiskveiða frá árinu 1990 tóku gildi. Sér í lagi var um mikla fjárfestingu í skipum að ræða, enda ekki vanþörf á að endurnýja flotann sem er kominn vel til ára sinna. Fjárfesting í fiskveiðum nam alls 25 milljörðum króna og í fiskvinnslu um 12 milljörðum. Stærstan hluta fjárfestingar í fiskveiðum má rekja til nýsmíði skipa. Má hér nefna ísfisktogara HB Granda, Samherja, Útgerðarfélags Akureyringa og FISK Seafood og frystitogara Ramma sem komu allir til landsins í fyrra. Meðalaldur togara var um 20 ár um

Fjárfesting í sjávarútvegi

Í milljörðum króna á föstu verðlagi m.v. 2017



Meðalaldur fiskiskipaflotans



síðustu aldamót en var kominn upp í 30 ár árið 2016. Fjárfestingar í nýjum skipum árin 2016 og 2017 hafa því lækkað meðalaldur togaraflotans um fimm ár.

Íslensk tæknifyrirtæki í fremstu röð

Framangreind þróun og sú ríka áhersla íslenskra sjávarútvegs-fyrirtækja að vera búin allra nýjustu tækni og tólum hefur komið sér vel fyrir íslensk tæknifyrirtæki. Mikil endurnýjun á skipaflotanum hefur krafist verulegra fjárfestinga í tækjabúnaði um borð í skipum. Þar hafa mörg fyrirtækjanna ekki leitað langt yfir skammt og keypt tæknibúnað af innlendum tæknifyrirtækjum. Sömu sögu er að segja um fjárfestingar í fiskvinnslu þar sem mannvirki og tækjabúnaður vega þyngst. Þar fyrir utan hefur samstarf íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og tæknifyrirtækja opnað á nýja útflutningsmarkaði fyrir tæknifyrirtækin. Er því ekki að undra þá miklu aukningu sem orðið hefur á umsvifum þessara fyrirtækja á síðustu árum.

Ein meginstoð gjaldeyrisöflunar Sjávarútvegur hefur gegnt lykil-hlutverki í gjaldeyrisöflun þjóðar-búsins um langan aldur og var útflutningur sjávarafurða lengi vel langstærsta uppspretta gjaldeyris.


Miklar breytingar hafa orðið í þeim efnum með miklum vexti annarra útflutningsgreina og er hlutdeild sjávarútvegsins í heildar-útflutningstekjum þjóðarbúsins þar með talsvert minni en hún var hér á árum áður. Sú þróun er afar jákvæð enda skýtur aukinn fjölbreytileiki útflutningsgreina sterkari stoðum undir gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Einhæfni í þeim efnum er ekki af hinu góða. Má hér nefna þann ævintýralega vöxt sem verið hefur í ferðapjónustu á undanförnum árum og þar með í útflutningstekjum þeirrar atvinnugreinar, en fjöldi erlendra ferðamanna sem kom til

landsins um Keflavíkurflugvöll sjöfaldaðist á árunum 2003 til 2017. Önnur atvinnugrein sem hefur tekið mikinn vaxtarkipp á undanförnum árum er fiskeldi, en hún á þó enn nokkuð í land með að teljast til stærstu útflutningsgreinanna.

Sami veldisvöxtur og í framan-greindum atvinnugreinum er ekki mögulegur að magni til fyrir sjávarafurðir, að minnsta kosti ekki á svo skömmum tíma, enda er takmarkað hversu mikill vöxtur getur orðið á grundvelli sjálfbærrar nýtingar fiskistofna. Þetta jafngildir því þó ekki að stöðnun sé í greininni

Helstu liðir útflutnings vöru og þjónustu

Magnvísitala þar sem 2003=100




„Þrátt fyrir að verðmæti útflutnings annarra atvinnugreina hafi aukist mikið á undanförnum árum þá munar miklu á hreinu framlagi þessara greina til útflutningstekna.“

eða að ekki sé hægt að ná fram auknum útflutningstekjum með aukinni verðmætasköpun. Íslenskur sjávarútvegur hefur sýnt og sannað að hann er stöðugt á vaktinni við að auka verðmætasköpun með ýmsu móti og í þrotlausri vinnu við að bæta virðiskeðjuna. Þar gegnir fjárfesting lykilhlutverki.

Hreint framlag sjávarútvegs mun meira
Þrátt fyrir að verðmæti útflutnings annarra atvinnugreina hafi aukist mikið á undanförnum árum og sé nú orðið ámóta mikið eða jafn-vel meira í stöku tilvikum en sjávarútvegs, þá munar miklu á hreinu framlagi þessara greina til útflutningstekna. Með hreinu framlagi atvinnugreina er átt við útflutningstekjur að frádregnum kostnaði vegna innfluttra aðfanga sem þarf til við framleiðslu þeirra. Þetta framlag má meðal annars sjá í vinnsluvirði atvinnugreinanna sem er virðisaukinn sem eftir stendur þegar tekið hefur verið tillit til aðfanganotkunar. Á þennan mælikvarða hefur vægi sjávarútvegs verið nær þrefalt meira en vægi orkufreks iðnaðar á árunum 2009 til 2016. Vægi ferðaþjónustunnar á sama mælikvarða hefur aukist mjög á undanförnum árum og er nú talið álíka mikið og vægi sjávarútvegsins.

Hlutdeild stærstu útflutningsatvinnugreina í vinnsluvirði atvinnugreina

Heimild: Hagstofa Íslands og SFS



Að lokum má hér nefna að í ofan-greindri umfjöllun er einungis átt við tekjur af sjávarútvegi í hefð-bundnum skilningi, veiðum og vinnslu. Hér er því ekki tekið tillit til margvíslegra afleiddra áhrifa sem greinin hefur á aðrar atvinnugreinar, svo sem vegna útflutnings fram-leiðslu tæknifyrirtækja sem þróast hefur í samstarfi og þjónustu við íslenskan sjávarútveg.


Efnahagsmál

Verulega kreppti að í efnahag sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 2017 þar sem nokkrir samverkandi þættir lögðust á eitt. Ber þar hæst áframhaldandi styrking á gengi krónunnar sem leiddi til verulegrar tekjurýrnunar í krónum talið hjá fyrirtækjunum. Sjómannaverkfallið hafði sitt að segja en áhrif þess urðu afdrifarík, bæði hvað varðar tapaða markaði og tilheyrandi tekjutap. Við þetta bættist lækkun á verði afurða í erlendri mynt. Tvöföldun veiðigjaldsins í upphafi fiskveiðiárs bætti svo ekki úr stöðunni enda rýrir það afkomu útgerða til muna og framtíðar rekstrarhorfur fjölmargra fyrirtækja.

Veruleg tekjurýrnun
Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 197 milljörðum króna á árinu 2017 og dróst saman um 35 milljarða króna frá fyrra ári. Jafngildir það samdrætti upp á rúm 15% og hefur útflutningsverðmæti sjávarafurða ekki verið minna í krónum talið síðan árið 2008. Án efa var það gengi krónunnar sem lagði hvað mest á vogarskálarnar enda styrktist gengi krónunnar um 12% á milli árunna 2016 og 2017 sé tekið mið af ársmeðaltali gengisvísitölu krónunnar.


Útflutningsverðmæti sjávarafurða og gengi krónunnar í milljörðum króna á verðlagi hvers árs

Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands



Útflutningsverðmæti sjávarafurða Breyting undirliða á milli ára

Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands



„Ætla má að gengi krónunnar eitt og sér hafi leitt til samdráttar í tekjum upp á rúma 24 milljarða króna.“

Gengi krónunnar styrkist enn

Þróun gengisins var talsvert frábrugðin þróun undanfarinna ára þegar styrkingin var nær linnulaus. Þrátt fyrir talsverða styrkingu á gengi krónunnar á árinu 2017 var gengisvísitala krónunnar á svipuðu róli í upphafi og lok árs. Sveiflur gengisins voru því verulegar innan ársins. Losun fjármagnshafta í mars og mismunandi væntingar um gengisþróun framan af árinu mögnuðu skammtímasveiflur í gengi krónunnar á fyrri hluta árs. Náði krónan sínu sterkasta gildi frá hruni í júní en tók þá að veikjast, þvert á væntingar, enda átti sú þróun sér stað á háannatíma ferðaþjónustu. Veiking krónunnar var nánast samfelld fram að hausti en þá tók að draga verulega úr flókti á gengi hennar og virtist vera allgott jafnvægi á gjaldeyrisflæði til og frá landinu. Var gengi krónunnar tiltölulega stöðugt frá október. Hlutverk Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði tók jafnframt verulegum stakkaskiptum á árinu en afskipti hans af millibankamarkaði með gjaldeyri hafa verið óveruleg frá miðju ári.

Áhrif sjómannaverkfalls mikil


Ætla má að gengi krónunnar eitt og sér hafi leitt til samdráttar í tekjum upp á rúma 24 milljarða króna. Þar að auki dróst útflutningsverðmæti

Gengisvísitala krónunnar

Viðskiptavog þröng



Ónýttar veiðiheimildir fluttar frá fyrra fiskveiðiári



saman um 4% að magni til sem leiddi til um 9 milljarða króna samdráttar í útflutningsverðmæti á milli ára. Skýrist það fyrst og fremst af sjómannaverkfallinu í upphafi árs. Sjávarútvegsfyrirtæki urðu fyrir miklu tekjutapi sökum verkfallsins en erfitt er að leggja mat á það í fjárhæðum talið, meðal annars vegna þess að útgerðir geta bætt sér upp tapaða úthaldsdaga með því að veiða meira eftir að verkfallið leysist.


Augljóslega hafði verkfallið neikvæðar afleiðingar fyrir mikilvæg viðskiptasambönd sem búið var að leggja ómælda vinnu í að mynda. Markaðslega var tjónið því verulegt og tapaðist markaðshlutdeild íslenskra sjávarafurða að einhverju leyti. Gekk því ekki upp að vinna framleiðslutap verkfallsins að fullu innan síðasta fiskveiðiárs og voru óveiddar veiðiheimildir þar með töluvert meiri undir lok þess en fyrri ára.

Lækkun afurðaverðs

Í heild varð litilsháttar lækkun á verði sjávarafurða í erlendri mynt á árinu 2017, eða sem nemur um 1% miðað við gengisvísitölu krónunnar. Lækkunin skýrist að stærstum hluta af 18% lækkun á verði á mjöli og lýsi en sú lækkun kemur í kjölfarið á dagððri lækkun árin þar á undan. Á móti hækkaði verð á saltfisk-

Verð útfluttra sjávarafurða í erlendri mynt

Orsakir verðbreytinga eftir afurðaflokkum



afurðum um rúm 6% en mun minni breytingar urðu á verði annarra afurðaflokka á árinu.


Sé litið á þróunina eftir helstu tegundum má sjá að nokkur hækkun varð á útflutningsafurðum þorsks í erlendri mynt í fyrra, eða sem nemur um 5%. Á sama tíma lækkuðu flestar aðrar tegundir botnfisks, til dæmis varð 6% lækkun á afurðaverði karfa og um 4% lækkun á ýsu. Mun meiri breytingar voru á verði útflutningsafurða uppsjávartegunda og vó þar þýngst 25% lækkun á afurðum loðnu.

Mestu munar um þorskinn

Eins og áður segir dróst útflutningsverðmæti sjávarafurða saman um 35 milljarða króna á milli áranna 2016 og 2017. Í krónum talið munar mest um tæplega 17 milljóna króna samdrátt í útflutningsverðmæti þorskafurða. Nam útflutningsverðmæti þeirra um 84 milljörðum króna í fyrra sem jafngildir liðlega 42% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Eftir einstaka löndum munar mest um rúmlega 9 milljarða króna samdrátt á Bretlandsmarkaði, sem er eins og áður okkar stærsti einstaki

markaður. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá útflutningsverðmæti eftir svæðum og helstu tegundum í fyrra, sem og breytingar á milli ára. Hér ber að hafa í huga að útflutningstölur Hagstofunnar byggjast á skýrslum sem Tollstjóraembættið safnar frá útflytjendum. Þar hefur reynslan sýnt að þær halda ekki alltaf í við breytingar og þróun í sjávarútvegi, sér í lagi þegar litið er á tölur um einstaka tegundir.

Veiðigjaldið tvöfaldað
Árið 2017 var annað árið í röð sem verulegur samdráttur varð á útflutningsverðmæti sjávarafurða,



„Útreikningar veiðigjaldsins byggjast á afkomu ársins 2015 sem augljóslega endurspeglar allt annan veruleika en þann sem sjávarútvegsfyrirtækin búa við núna.“


sem einna helst mátti rekja til fordæmalausrar styrkingar á gengi krónunnar. Alls nemur samdráttur í útflutningsverðmæti sjávarafurða á milli áranna 2015 og 2017 um 68 milljörðum króna og má rekja um 80% þeirrar fjárhæðar til þróunar á gengi krónunnar. Er því óvenju harkaleg sú tvöföldun sem varð á veiðigjaldinu í september síðastliðnum þegar yfirstandandi fiskveiðiár hófst.

Útreikningar veiðigjaldsins byggjast á afkomu ársins 2015 sem augljóslega endurspeglar allt annan veruleika en þann sem sjávarútvegsfyrirtækin búa við núna. Auk þess var sérstakur afsláttur veiðigjaldsins afnuminn og hefur kostnaður vegna gjaldsins ríflega tvöfaldast hjá fyrirtækjum og um enn meiri aukningu er að ræða hjá fyrirtækjum sem fengu sérstakan afslátt undangengin fimm ár. Er útlit fyrir að fjárhæð veiðigjalds verði á við tvöfaldan tekjuskatt hjá fyrirtækjum á yfirstandandi almanaksári.

Heimatilbúnar hindranir
Olíukostnaður hefur að jafnaði verið annar stærsti kostnaðarliður í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Nutu fyrirtækin því góðs af þeirri miklu lækkun sem varð á heimsmarkaði á olíuverði, líkt og aðrir kaupendur olíu um heim allan. Olíuverð náði lágmarki í ársbyrjun 2016 en hefur

Verð á skipagasolíu

Án VSK, kr./ltr.



hækkað talsvert frá þeim tíma, sér í lagi frá miðju ári 2017.

Þegar hækkunin verður fyrir tilstilli hækkandi olíuverðs á heimsmarkaði kemur það einnig við rekstrarskilyrði samkeppnisaðila. Hið sama á ekki við þegar hækkun á olíuverði á rætur að rekja til aukningar á opinberri gjaldtöku í heimalandi, líkt og 50% hækkun á kolefnisgjaldi hér á landi um síðustu áramót en þeirra áhrifa mun gæta í ár. Hækkunin ein og sér leiddi af sér 4% hækkun á olíukostnaði sjávarútvegsfyrir-

tækja. Frá árinu 2010, þegar gjaldið var fyrst innheimt, hefur það ríflega þrefaldast og hafa sjávarútvegsfyrirtæki greitt um 8 til 9 milljarða króna á tímabilinu í kolefnisgjald. Samkeppnisaðilar búa ekki við viðlíka skilyrði sem gerir samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja enn lakari.

Þar fyrir utan eru hin ýmsu gjöld sem hækka langt umfram það sem gerist og gengur í samkeppnislöndum. Er hér nærtækast að nefna þau gjöld sem eru tengd launaþróun


„Íslenskur sjávarútvegur stendur þó vel að vígi í samanburði við önnur lönd hvað framleiðni varðar“

hér á landi sem fyrirtækjum er skylt að greiða, eins og gjald vegna eftirlitsmanna um borð í frystiskipum sem fylgir nú orðið launavísitölu Hagstofu Íslands.


Hin séríslenska launaþróun
Launakerfi sjómanna byggist á hlutaskiptum aflaverðmætis á milli sjómanna og útgerða og haldast laun þeirra þar með í hendur við tekjur sjávarútvegsfyrirtækja. Hið sama á ekki við um önnur laun í sjávarútvegi sem vega ríflega þriðjung launakostnaðar. Á Íslandi hefur verið regla, fremur en undantekning, að laun hækki langt umfram laun í okkar helstu samkeppnislöndum og jafnframt umfram það sem samrýmist framleiðni í landinu. Íslenskur sjávarútvegur stendur þó vel að vígi í samanburði við önnur lönd hvað framleiðni varðar, ólíkt öðrum atvinnugreinum hér á landi. Aukin framleiðni er þó síður en svo ókeypis enda krefst hún fjárfestingar í tækjum og búnaði.

Ofangreind þróun kemur ber-sýnilega fram í þróun raun-gengis á mælikvarða hlutfallslegs launakostnaðar en sá mælikvarði endurspeglar hvernig launa-kostnaður hér á landi þróast í samanburði við viðskiptalöndin mælt í erlendri mynt. Raungengi

Kolefnisgjald á skipagasolíu
Krónur á lítra




Launakostnaður á framleidda einingu í þróuðum ríkjum
Vísitala þar sem 2005 = 100




miðað við hlutfallslegan launa-kostnað er um þessar mundir nálægt sínum hæstu hæðum. Hækkaði það um ríflega 15% í fyrra en um 34% sé litið tvö ár aftur í tímann. Bæst þessi áhrif ofan á hina stórauknu gjaldtöku af hendi hins opinbera og skerðir enn samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja.

Árið 2018 byrjar af krafti
Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar nam útflutningsverð-mæti sjávarafurða á fyrsta árs-fjórðungi 2018 um 55 milljörðum króna samanborið við 37 milljarða á sama tímabili í fyrra. Þetta er aukning um 46% í krónum talið á milli ára og þar sem gengisvísitala krónunnar var á svipuðu róli á fyrsta fjórðungi í ár og í fyrra, er aukningin hin sama í erlendri mynt. Vart þarf að nefna að hér gætir áhrifa sjómannaverkfallsins í upphafi síðasta árs og því um verulega aukningu í framleiðslu afurða að ræða. Þar fyrir utan hefur verðþróun íslenskra sjávarafurða verið hagkvæm og eftirspurn í heild eftir þeim aukist. Þetta hefur leitt til þess að útflutningsverðmæti sjávar-afurða hefur aldrei verið meira á fyrsta ársfjórðungi en nú í ár, mælt í erlendri mynt.

Raungengi miðað við hlutfallslegan launakostnað
Vísitala þar sem 2005=100



Útflutningsverðmæti sjávarafurða á fyrsta ársfjórðungi
Á verðlagi hvers árs



„Óhófleg gjaldtaka af íslenskum sjávarútvegi dregur úr samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Á því munu allir tapa.“

Ágætis horfur

Opinberar spár, eins og Seðla-bankans og Hagstofunnar, sem voru birtar í ársbyrjun, gera ráð fyrir nokkurri aukningu í útflutnings-verðmæti sjávarafurða í ár vegna hærra afurðaverðs og aukinnar framleiðslu. Eins og áður hefur verið vikið að fluttust meira af veiðiheimildum á milli fiskveiðiára vegna sjómannaverkfallsins en síðustu ár og munu áhrifa þess gæta í ár. Þar fyrir utan eru markaðshorfur fyrir íslenskar sjávarafurðir almennt góðar sem endurspeglast í aukinni eftirspurn og samhliða því hækkandi afurðaverðs í erlendri mynt.


Á móti þessu vegur gengi krónunnar, en ef marka má þær spár sem hafa verið birtar opinberlega sem og samtöl við aðila á markaði, eru meiri líkur á að krónan styrkist fremur en veikist. Þó eru menn almennt á því að breytingar á gengi krónunnar verði mun hófstilttari í ár en undanfarin ár.

Samkeppnisstaða og opinber gjaldtaka

Ávallt ber að hafa í huga að sjávarútvegsfyrirtæki eða önnur útflutningsfyrirtæki hér á landi geta ekki skellt kostnaðarhækkun sem bundin er við Ísland út í verð afurða sinna eða þjónustu, líkt og

Útflutningsverðmæti sjávarafurða

Breyting undirliða milli ára



fyrirtæki í samkeppni innanlands geta gert. Verður því ekki hjá því komist að rifja upp það sem ritað er í sáttmála ríkisstjórnar og velta aðeins vöngum yfir því: „Tryggja þarf samkeppnishæfni sjávarútvegs á alþjóðlegum mörkuðum og að hann geti áfram staðið að nýsköpun og vöruþróun til að auka virði afurðanna“. Þetta verður ekki gert nema hækkun á innlendum kostnaði verði stillt í hóf og þannig að hann samrýmist því sem gerist og gengur í helstu samkeppnislöndum.

Og á það skal minnt að 98% af íslensku sjávarfangi eru seld á alþjóðlegum markaði. Óhófleg gjaldtaka af íslenskum sjávarútvegi dregur úr samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Á því munu allir tapa.

Eins og hér hefur verið rakið eru horfur á að útgjöld í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja muni aukast öllu meira en sem nemur hækkun tekna. Tvöföldun veiðigjalds vegur þar þyngst. Vart þarf að undirstrika hversu illa það rímar við það sem



ritað er í stjórnarsáttmálanum og tilgreint var hér að framan. Stóraukin skattlagning á sjávarútveginn einan útflutningsgreina rímar illa við yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um að standa vörð um samkeppnis-hæfi greinarinnar á alþjóðlegum mörkuðum. Opinberar ákvarðanir geta ógnað afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi. Því er full ástæða til að hvetja stjórnvöld til að huga að heildarmyndinni, áður en ákvarðanir verða teknar um frekari álögur, eða að þær sem fyrirfinnast, verða framlengdar.

Samherji 2017

Nýtt stefni
á Kaldbak EA1

Minnkandi olíunotkun og kolefnis- spor

Fiskeldi


Árið 2017 var hagfelld fiskeldi. Framleiðsla jókst í heild um tæp 6 þúsund tonn frá árinu 2016 sem er um 38% aukning. Framleiðslan er að mestu hjá fáum en stórum og fram-sæknum félögum sem leita leiða til að auka framleiðsluna en langflestar stöðvarnar eru litlar, með stöðuga framleiðslu frá ári til árs.

Starfandi fiskeldisstöðvar voru 53 á árinu. Fjórar voru með lax í sjókvíum, fimm með regnbogasilung í sjó, ein með framleiðslu á laxi í landkerum og ein með bleikju í sjávarlóni. Öll önnur eldisfyrirtæki voru með starfsemi sína á landi.


Ráðherra sjávarútvegsmála skipaði starfshóp árið 2016 um stefnu-mótun í fiskeldi. Í honum voru embættismenn, sérfræðingar stofnana og hagsmunaaðilar. Verkefni hópsins var að setja skilyrði og umgjörð um laxeldi í sjó og ná sem mestri sátt við umhverfi, eldisfyrirtæki og veiðiréttarhafa.

Starfshópurinn („framtiðarnefndin“) lagði strax í upphafi áherslu á framkvæmd áhættumats með það að markmiði að meta mögulega áhættu af óafturkræfum skaða á villtum laxastofnum vegna sjókvíaeldis og var starfshópurinn Hafrannsóknastofnunar fenginn til starfans.

Framleiðsla í eldi. Í þúsundum tonna



Vægi lax í útflutningsverðmæti eldisafurða




„Heildarframleiðsla á sláturfiski jókst um 38% frá árinu 2016.“

Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna var gefið út í júlí, og í ágúst skilaði framtíðar-nefndin lokaskýrslu til ráðherra. Tillögur hennar voru fjölþættar, en þær helstu snúa að breyttri aðferðafræði við útgáfu rekstrarleyfa, úthlutun svæða, auðlinda-gjaldi, niðurfellingu á hámarki framleiðslumagns, auknum vist-fræðilegum rannsóknum, takmörkunum á framleiðslu frjórra laxa eftir svæðum og innbyggðum hvata til þróunar eldis á öfrjóm laxi.

Sitt sýnist hverjum um niðurstöður framtíðarnefndar og starfshóps Hafró um áhættumat. En sú vinna sem hér hefur verið ráðist í er mikilvæg til framtíðar, ekki síst þegar horft er til þess að íslenskt laxeldi í sjó er enn að þroskast og finna sinn sess.

Heildarframleiðsla jókst um 38% frá árinu 2016. Aukningin er að stórum hluta tilkomin vegna þess, að miklu var slátrað af regnbogasilungi en framleiðsla á honum mun strax á þessu ári dragast hratt saman. Þá varð einnig um 34% aukning í slátrun á laxi, og um 10% í bleikju og flatfiski; Senegalflúru. Þorskeldi er enn að dragast saman og lognast hugsanlega útaf innan fárra ára.

Framleiðsla í eldi eftir landsumdæmum 2017
Í tonnum



Alls var slátrað 20.776 tonnum af eldisfiski á árinu 2017 og uppbygging á hélt áfram.

Andúð samtaka stangveiðimanna, sem ekki hugnast uppbygging laxeldis í sjó, hefur heldur magnast á undanförunum árum. Öll skref til aukins laxeldis í sjó hafa kerfisbundið verið kærð og tafin eftir fremsta megni. Þessi barátta er óvægin. Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda frá árinu 2004, um framtíð fiskeldis í sjókvíum, var því beint á ákveðin strandsvæði. Þar átti sjókvíaeldi að fá að vaxa og dafna í samræmi við reglur og án þess að hafa óafturkræf áhrif

á viðgang og vöxt villtra laxfiska. Veiðifélög og samtök eldismanna fögnuðu þessari sátt á sínum tíma sem þótti heillaspor. Til að hnykkja enn betur á ströngu aðhaldi var löggjöfin uppfærð vorið 2014 í þeirri viðleitni, meðal annars, að herða reglur um styrkleika mannvirkja í sjó. Ný rekstrarleyfi þurfa að byggjast á þessum reglum í einu og öllu.

„Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein hér á landi og mælist útflutningur í eldinu rúm 7% af útflutningstekjum í sjávarútvegi.“

Undanfarin þrjú ár hefur verulega dregið úr innflutningi á hrognum regnbogasilungs, en helstu fyrirtæki hafa tekið ákvörðun um að færa sig alfarið yfir í laxeldi. Eldi á regnbogasilungi er enn einu sinni að dragast saman í íslensku fiskeldi, en magn slátraðs fíks hefur sveiflast mikið á liðnum áratugum.


Hrognkelsaeldi hófst með skipulögðum hætti hér á landi vorið 2014. Hafrannsóknastofnun á Stað við Grindavík hóf eldið eftir að eldisfyrirtæki í Færeyjum lýstu áhuga á að kaupa héðan „hreinsifisk“ til að halda lús á sjókvíalaxi í skefjum. Hrognkelsi eru þeirri náttúru gædd að þau éta laxalúsina!

Eldi á Senegalflúru hófst hjá Stolt Sea Farm Iceland hf. á Reykjanesi árið 2013 og í byrjun árs 2015 var þessi flatfiskur alinn í öllum stærðum í eldisstöðinni. Árið 2017 var 400 tonnum af Senegalflúru slátrað.


Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein hér á landi og mælist útflutningur í eldinu rúm 7% af útflutningstekjum í sjávarútvegi.

Lax, bleikja og regnbogasilungur eru helstu tegundir í eldinu en laxinn er í sókn og skilaði rúmlega 61% af útflutningsverðmætum

Útflutningsverðmæti eldisfíks og sjávarafurða
Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs



Fjárfesting í fiskeldi.
Í milljörðum króna á föstu verðlagi m.v. 2017





eldisafurða. Framleiðsla og útflutningur á laxahrognum og lifandi hrognkelsum eru mikilvægar greinar í eldinu hér á landi og nam sá útflutningur rúmlega milljarði króna árið 2017.

Útflutningstekjurnar í heild voru um 14 milljarðar króna. Það lætur nærri að heildartekjur í fiskeldi; innanlandssala, útflutningssala og ráðgjöf/þjónusta hafi verið á bilinu 16-18 milljarðar króna.

Fjárfestingar í greininni hafa aukist úr því að vera um einn milljarður á ári í fjóra milljarða árið 2017. Þessar fjárfestingar eru í ýmsum búnaði; kvíar, bátar, aðstaða, stækkun í landstöðvum og ein ný landstöð.

Á yfirstandandi ári er laxi slátrað í þremur laxeldisstöðvum: Arnarlaxi á Vestfjörðum, Fiskeldi Austfjarða og Löxum í Reyðarfirði. Ný eldisstöð Marorku við Grindavík elur bleikju og fiski verður slátrað á haustmánuðum. Fiskeldi Samherja í Grindavík og í Öxarfirði hefur

stækkað umtalsvert með auknu eldisrými og aukning verður á framleiðslu hjá fyrirtækinu á næstu árum.

Fiskiskipaflotinn árið 2017

Alls voru 1.621 fiskiskip á skrá hjá Samgöngustofu í lok árs 2017 og hafði þeim fækkað um 26 frá árinu áður. Fiskiskip eru flokkuð í þrjá flokka hjá Samgöngustofu, opna báta, togara og vélskip. Vélskip eru öll yfirbyggð skip önnur en skuttogarar, en í flokki vélskipa eru nokkur skip sem eru stærri en stærstu skuttogararnir.

Vélskip voru alls 735 og samanlögð stærð þeirra um 92.460 brúttótonn. Vélskipum fækkaði um 12 milli ára og stærð flotans minnkaði um 2.046 brúttótonn. Togarar voru alls 44, bættist einn við á milli ára, en nokkur endurnýjun varð í flotanum. Átta nýir togarar komu til heimahafnar árið 2017. Heildarstærð togaraflotans var 61.841 brúttótonn í árslok 2017 og hafði aukist um 9.425 tonn frá ársbyrjun. Opnir fiskibátar voru alls 842.

Á undanförnum fimm árum hafa 70 ný skip bæst við fiskveiðiflotann. Átta skuttogarar, 37 vélskip og 25 opnir bátar. Alls voru 53 þessara skipa smíðuð á Íslandi og eru þau öll úr trefjaplasi og undir 30 brúttótonnum. Allir togararnir voru smíðaðir í Tyrklandi, ásamt fjórum af þeim sjö vélskipum sem voru yfir 1.000 brúttótonn og komu til heimahafnar á þessu tímabili. Flest fiskiskip voru með skráða



heimahöfn á Vestfjörðum í árslok 2017, alls 394 skip, en það eru 24% fiskiskipaflotans. Næstflest, alls 290 skip, höfðu heimahöfn skráða á Vesturlandi, eða 17,9%. Fæst skip (74) voru með skráða heimahöfn á Suðurlandi, eða 4,6% af heildarfjölda fiskiskipa. Flestir opnir bátar voru á Vestfjörðum (231) og á Vesturlandi (163). Fæstir opnir bátar (22) höfðu heimahöfn á Suðurlandi. Vélskip voru einnig flest (160) á Vestfjörðum en fæst á höfuðborgarsvæðinu (42). Flestir togarar (11) höfðu skráða heimahöfn á Norðurlandi eystra og næstflestir, eða átta togarar, á höfuðborgarsvæðinu. Fæstir

togarar voru skráðir á Vestfjörðum og Austurlandi, alls þrír.

Átta nýir togarar bættust við fiskiskipaflota landsins á árinu og tveir voru sjósettir í Shidao í Kína; annar þeirra er í eigu Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum en hinn í eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal. Systurskipin Engey RE 91, Viðey RE 50, og Akurey AK 10 komu til heimahafnar í Reykjavík og á Akranesi. Systurskipin Björgúlfur EA 312, Björg EA 7 og Kaldbakur EA 1 komu til heimahafna í Eyjafirði og Drangey SK 2 kom til heimahafnar á Sauðárkróki. Nýr frystitogari, Sólberg ÓF 1, kom til heimahafnar

á Ólafsfirði í vor. Öll þessi skip voru smíðuð í skipasmíðastöðvum í Tyrklandi og nema fjárfestingarnar rúmum 18 milljörðum króna.

Eskja á Eskifirði endurnýjaði tvö uppsjávarskip; Jón Kjartansson sem áður hét Charisma og smíðaður var í Noregi árið 2003 og Guðrúnu Þorkelsdóttur, áður Qavak, smíðað í Noregi árið 1999. Útgerðarfélagið Þórsnes endurnýjaði skip með sama nafni. Það er útbúið til veiða með neti og línu. Þórsnesið var smíðað í Noregi árið 1996 og hét áður Veidar. Línuskipið Stormur HF 294, sem er í eigu Stormur Seafood, kom til landsins í lok ársins. Skipið er knúið áfram með rafmótor sem er nýmæli í fiskiskipaflota Íslendinga.

HB Grandi hefur samið við spænska skipasmíðastöð um smíði á frysti- togara sem reiknað er með að verði tilbúinn 2019. Síldarvinnslan í Neskaupstað hyggst endurnýja flota sinn og stefnir að nýsmíði tveggja stórra og tveggja minni ísfisktogara. Samið hefur verið um smíði á sjö to­gskipum í Noregi fyrir íslenskar útgerðir. Skipin eru 29 metra löng og 12 metra breið.

Það eru fjögur íslensk útgerðar- fyrirtæki sem standa að baki systurskipunum sjö.

Útgerðarfélagið Berg-Hugin lætur smíða tvö skip, Gjögur tvö skip, Skinney – Þinganes tvö skip og Útgerðarfélag Akureyrar eitt skip. Skipin verða afhent árin 2019 og 2020.



Orkunotkun í íslenskum sjávarútvegi

Parísarsamkomulagið var undirritað í París 12. desember 2015 og er því rúmlega tveggja ára. Markmið samkomulagsins er að stöðva aukningu í útblæstri gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og ná að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C.

Ísland mun leitast við að ná sameiginlegu markmiði með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990.

Íslenskur sjávarútvegur á allt sitt undir skilyrðum í hafinu. Hreinleiki lands og sjávar skiptir höfuðmáli við nýtingu verðmæta sem hafið hefur að geyma. Góð umgengni við það og fiskveiðar í sátt og samlyndi við náttúruna eru forsenda þess að fiskistofnar við Ísland verði nýttir, ekki bara í dag heldur um alla framtíð.

Í ágripi skýrslu Hagfræðistofnunar um Ísland og loftslagsmál frá því í febrúar 2017 má lesa eftirfarandi: „Útstreymi gróðurhúsalofttegunda jókst um 26% frá 1990 til 2014 ef nettóbinding vegna landgræðslu og skógræktar er ekki tekin með. Útstreymið var um 4.600 tonn CO₂ árið 2014. Aukningin var um 15% ef nettóbinding með landgræðslu og skógrækt er tekin með. Útstreymi jókst mest frá iðnaði og efnanotkun, eða um

79%. Útstreymi jókst einnig frá orkuframleiðslu (69%), úrgangi (52%) og samgöngum (39%). Útstreymi frá sjávarútvegi dróst hins vegar saman um 43%, en útstreymi frá landbúnaði minnkaði um 4%.“

Ísland er aðili að Parísarsamkomulaginu og hefur kynnt landsmarkmið um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 40% til ársins 2030 miðað við árið 1990. Það er að sönnu ánægjulegt að útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi hefur minnkað mikið. Með einföldun má segja að sjávarútvegurinn hafi, fyrir sitt leyti, náð markmiði Parísarsamkomulagsins. Að sjálfsögðu er sjávarútvegur ekki einangruð stærð í loftslagsmálum. Heimurinn er einn að þessu leyti.

Hvað sem því líður er greinilegt að sjávarútvegur á Íslandi hefur náð mjög góðum árangri á liðnum árum. Hér verður þó ekki látið staðar numið. Tækninýjungar af ýmsu tagi og aðrir orkugjafar munu hjálpa til við að draga enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskum sjávarútvegi á komandi árum. Fyrirtæki í sjávarútvegi vilja leiða með góðu fordæmi og leggja mikilvægt lóð á vogarskálar þess markmiðs sem Ísland og þjóðir heims

hafa með áðurgreindu Parísarsamkomulagi skuldbundið sig til að ná fyrir árið 2030.

Áætlað er að sjávarútvegur dragi úr eldsneytisnotkun um 134 þúsund tonn á tímabilinu 1990 til 2030.

Í skýrslu sem SFS gaf út í desember voru settar fram helstu staðreyndir um orkunotkun í íslenskum sjávarútvegi:

- Sterkir fiskistofnar, framfarir í veiðum og betra skipulag veiða hafa leitt til verulega minni olíu- notkunar í sjávarútvegi og þar með losunar gróðurhúsalofttegunda.
- Eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hefur í heild minnkað um tæplega 43% frá árinu 1990 til ársins 2016.
- Reiknað er með að eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hafi dregist saman um 134 þúsund tonn frá árinu 1990 til ársins 2030. Þá verði lýsis- og mjölvinnsla á fiski nær eingöngu knúin með rafmagni og raforkuframleiðsla um borð í fiskiskipum heyri til undantekninga þegar skip eru í höfn. Gangi þetta eftir mun eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hafa dregist saman um 54% á tímabilinu.
- Ársnotkun eldsneytis í sjávarútvegi árið 2016 var sú lægsta frá árinu 1990, bæði frá fiskiskipum og fiskimjölsverksmiðjum.

„Fjárfestingarþörf í fiskiskipum fram til ársins 2030 er metin um 180 milljarðar króna. Nýrri og tæknivæddari skip munu draga enn frekar úr umhverfisáhrifum sjávarútvegs.“

- Losun gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi hefur farið minnkandi ár frá ári síðan 1990 en þá var hlutfallið 19,5% af heildarlosun Íslands. Árið 2007 var hlutfallið komið niður í 13% og árið 2014 í 9,7%.
- Fjárfestingarþörf í fiskiskipum fram til ársins 2030 er metin um 180 milljarðar króna. Nýrri og tæknivæddari skip munu draga enn frekar úr umhverfisáhrifum sjávarútvegs.
- Hagkvæmnisútreikningar sýna að hagstæðara er að nota rafmagn úr landi þegar skip eru í höfn, frekar en að keyra ljósavélar sem ganga fyrir olíu.
- Frá árinu 2016 fram til ársins 2030 er reiknað með að olíunotkun í sjávarútvegi dragist saman um 19%.
- Frá árinu 2006 til ársins 2016 hafa Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sent á eigin vegum eða haft milligöngu um endurvinnslu á 8.400 tonnum af veiðarfæraúrgangi.
- Sjávarútvegur hefur þegar náð markmiði Parísarsamkomulagsins vegna fiskimjöls- og lýsisframleiðslu og er þegar kominn vel á veg með að ná þessu markmiði vegna fiskveiða. Þar hefur notkun á eldsneyti minnkað um 35% frá árinu 1990.

Ástæður samdráttar í eldsneytisnotkun sjávarútvegs á tímabilinu frá 1990 til 2016 eru einkum hátt olíuverð, minni afli, tækniframfarir sem auka afla á sóknareiningu og samþjöppun í greininni.

Fiskiskipafloti landsmanna hefur breyst mikið undanfarna áratugi. Fram yfir aldamót jókst heildarvélarafli fiskiskipa en dregið hefur úr því á liðnum árum. Afli á Íslands-miðum jókst mikið á síðustu öld en jafnframt voru verulegar sveiflur í veiðinni. Miklar framfarir hafa orðið í skipasmíðum og veiðitækni sem hafa áhrif á eldsneytisnotkun. Ný og öflugri skip hafa komið í stað eldri loðnubáta og minni togskipa.

Eldsneytisnotkun sjávarútvegsins var mest á árunum 1996 og 1997 þegar mikil sókn var á fjarlæg mið, eins og til dæmis í Smuguna. Frá árinu 1997 hefur eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hins vegar minnkað að meðaltali um rúm 4% á ári og var ársnotkun eldsneytis í sjávarútvegi árið 2016 sú lægsta frá árinu 1990, bæði frá fiskiskipum og fiskimjölsverksmiðjum.

Íslensk skip sigla í meiriháttar viðhald og endurbætur erlendis og nota þá gjarnan tækifærið til að fylla eldsneytistankana. Þessi erlenda eldsneytistaka er ekki

með í tölum um eldsneytisnotkun fiskiskipaflotans. Hún er hins vegar lítil hluti af heildarnotkuninni. Ástæður samdráttar í eldsneytisnotkun sjávarútvegs á tímabilinu frá 1990 til 2016 eru einkum hátt olíuverð, minni afli, tækniframfarir sem auka afla á sóknareiningu og samþjöppun í greininni. Ísland er aðili að Parísarsamkomulaginu. Þannig er lagt á sjávarútveg að minnka notkun jarðefnaeldsneytis á 40 árum um 40%.

Hámark olíunotkunar var árið 1996, en veiðar á fjarlægum miðum, til dæmis rækjuveiðar á Flæmingjahatti og veiðar í Smugunni og Barentshafi, höfðu þar töluverð áhrif.

Á undanförnum árum hefur aukinn afli á sóknareiningu haft nokkur áhrif á notkunina. Hámark olíunotkunar var árið 1996, en veiðar á fjarlægum miðum, til dæmis rækjuveiðar á Flæmingjahatti og veiðar í Smugunni og Barentshafi, höfðu þar töluverð áhrif. Þessar veiðar hafa dregist mikið saman undanfarin ár þó enn séu veiðar stundaðar í Barentshafi.

Undanfarinn áratug hefur verið hagrætt mikið í sjávarútvegi og fiskiskipum fækkað. Frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiði-


ársins 2017/2018 fækkaði fiskiskipum með aflamark um 72 skip, eða sem nemur 16,3%. Togarar eru nú 44 og hefur fækkað verulega frá árinu 1990, en þá voru þeir 111. Áætlað er að þessi þróun haldi áfram og að aflamarksskipum fækki um allt að 16% til ársins 2030. Ráðgert er að fjöldi togara verði óbreyttur eða þeim fækki lítillega.

Olíunotkun í íslenskum sjávarútvegi mun dragast saman á næstu árum, vegna veiða og vinnslu í landi. Ný tækni við veiðar og vinnslu mun hafa mikið að segja og fjárfestingar í greininni og nýjum og betri skipum verða viðvarandi á næstu árum og áratugum. Þá er einnig viðbúið að hagræðing haldi áfram sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi.

Fjárfestingarþörf í fiskiskipum fram til ársins 2030 er metin um 180 milljarðar króna. Það er í nokkuð góðu samræmi við mat endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte, sem kynnt hefur reglulega afkomu í sjávarútvegi á svokölluðum Sjávarútvegsdegi sem haldinn er árlega í samstarfi Deloitte, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Fram kom á Sjávarútvegsdeginum

Olíunotkun í sjávarútvegi
Í þúsundum tonna



sem haldinn var í október 2017 að árleg fjárfestingarþörf í sjávarútvegi á næstu árum yrði um 20 milljarðar króna á ári. Einnig kom fram að á undanförnum árum hefðu fjárfestingar sjávarútvegsins í varanlegum rekstrarfjármunum verið miklar. Árið 2014 voru þær 27 milljarðar, 26 milljarðar árið 2015 og 22 milljarðar árið 2016. Árin þar á undan voru töluvert lakari að undanskildu árinu 2012 þegar sjávarútvegsfyrirtæki fjárfestu í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir um 17 milljarða króna.

Rafvæðing verksmiðja
Margt hefur áunnist undanfarin

ár í rafvæðingu fiskimjölsverk-smiðja. Árið 2016 voru 11 fiskimjölsverksmiðjur á landinu og 7 þeirra voru að fullu rafvæddar. Þrjár verksmiðjur nota nú olíu að stærstum hluta, þar af tvær í Vestmannaeyjum og ein á Þórs-höfn á Langanesi. Með nýjum sæstreng til Vestmannaeyja aukast möguleikar á frekari nýtingu raforku. Dreifikerfi raforku til dreifbýlisstaða hamla hins vegar frekari rafvæðingu verksmiðja. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld tryggi verksmiðjunum örugga raforku til þess að hægt sé að sjá til þess að allar verksmiðjurnar gangi fyrir rafmagni árið 2030

„Markmiðið er að endurvinna eins mikið og hægt er og draga úr hvers konar sóun og mengun.“

Í mengunarlögsögu Íslands gildir sú regla að skip mega brenna svartolíu með brennisteinsinnihaldi að hámarki 3,5%. Um farþega- og skemmtiferðaskip gilda aðrar reglur en þar má brennisteinsinnihald ekki fara yfir 1,5% sem gerir það að verkum að þessi skip geta ekki nýtt sér eldsneyti, t.d. svartolíu sem inniheldur meira af brenni- steini. Þetta mun breytast 1. janúar 2020, en frá þeim degi má brenni- steinsmagn ekki vera hærra en 0,5% í skipaeldsneyti hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands.


Öll skip sem liggja við bryggju skulu nýta landrafmagn í stað þess að brenna eldsneyti til að framleiða rafmagn. Sé rafmagn ekki til staðar má hámark brennisteins í eldsneyti vera 0,1% sem brennt er í höfnum. Þetta ákvæði gildir um öll skip.

Brennisteinsinnihald í skipa- eldsneyti skipa sem fara um SOx- svæðin, Eystrasalt og Norðursjó er að hámarki 0,1% (m/m) skv. VI. viðauka MARPOL-samningsins.

Brennisteinsinnihald í skipa- eldsneyti, sem notað er í farþega- skipum sem sigla áætlunarferðir til eða frá höfn á Evrópska efnahags- svæðinu, skal til og með 1. janúar 2020 ekki vera meira en 1,5% (m/m).

Marpol-samningurinn um hámark brennisteinsmagn í eldsneyti (2000–2027)

Heimild: U.S. Energy Information Administration



Ákvæði þessarar greinar gilda um öll skip án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, þar með talin skip sem hefja ferð sína utan Evrópska efnahagssvæðisins.

FISK 2017

Ofurkæling
í nýrri Drangey

-0,7°

Fiskur kældur niður
í rétt hitastig á u.þ.b.
klukkustund

Brexit: Íslendingar og ólgusjór útgöngu Bretlands úr ESB


Samskipti Íslendinga og Breta eiga sér langa sögu, enda eiga þjóðirnar það sammerkt að búa á eyjum í Norður-Atlantshafi. Bretland hefur mestan hluta sinnar tilveru verið heimsveldi til sjós, bæði er varðar hernað og fiskveiðar. Til dæmis voru áhrif viðskipta við Breta á Íslandi á 15. öld slík, að tímabilið er gjarnan kallað „enska öldin“ í daglegu tali. Aftur urðu þeir fyrir-ferðarmiklir í lífi Íslendinga á 20. öldinni þegar þeir námu hér land árið 1940 til höfuðs Þjóðverjum. Þá voru Bretarnir enn á ný í hugum landsmanna þegar þorskastríðin stóðu sem hæst og Íslendingar færðu út efnahagslögsögu sína. Á svipuðum tíma gengu Bretar í Evrópubandalagið, forvera Evrópu-sambandsins. Allar götur síðan hefur vera þeirra í sambandi ríkja Evrópu litað mjög þeirra stjórnmál, efnahag og samfélag.

Á flestöllum tímum hafa verið samskipti og viðskipti landanna á milli, ef undanskilin eru ár dönsku einokunarverslunarinnar 1602-1787. Á seinustu 45 árum hefur rammi viðskipta Bretlands við umheiminn verið skilgreindur að mjög miklu leyti af veru þeirra í EBE og síðar ESB. Ísland og önnur EFTA-ríki fengu aðgang að sameiginlegu markaðssvæði ESB

með EES-sáttmálanum árið 1994. Frá þeim tíma hefur ramminn um viðskipti Íslands og Bretlands verið skilgreindur af ákvæðum sáttmálans. Nú eru Bretar á leiðinni úr ESB og óvissan um framhaldið er því mikil. Hvaða þýðingu hefur Brexit? Og sér í lagi: Hvaða þýðingu gæti Brexit haft fyrir Ísland? Hér verður gerð atлага að því að svara þessum spurningum með því að rekja bæði hagsmuni og möguleika Íslendinga í þessum stórtæku breytingum. Við vitum hvað við höfum, en ekki hvað við fáum; þar liggur vafinn.

Viðskipti Íslands og Bretlands Ísland og Bretland eiga í umfangs-miklum viðskiptum sín á milli. Árið 2017 námu vöruviðskipti á milli Íslands og Bretlands samtals um 91 milljarði íslenskra króna. Á sama ári var vægi Bretlands í vöruviðskiptum Íslands við umheiminn 7,3%, sem var fjórða mest af öllum löndum á eftir Hollandi, Þýskalandi og Noregi.¹⁾ Vörur fóru til Bretlands fyrir tæplega 49 milljarða króna árið 2017, en fluttar inn þaðan fyrir rúma 43 milljarða króna. Var vöruskiptajöfnuður við Bretland þar með hagstæður upp á rúma 5 milljarða króna. Langstærsti hluti vöruútflutnings Íslendinga

Vöruútflutningur til Bretlands 2017 – 48,6 milljarðar króna




til Bretlands eru sjávarafurðir. Árið 2017 nam útflutningur sjávar-afurða til Bretlands tæpum 31 milljarði króna, sem var um 63% af útflutningnum til Bretlands. Innflutningur Íslendinga frá Bretlandi er mjög fjölbreyttur, en hann samanstendur að mestu leyti af fjárfestingar- og iðnaðarvörum á borð við flutningataeki, skrifstofu-vélar, tölvur, olíur og fleira.

Íslenskar sjávarafurðir og Bretland árið 2017

Bretland er, og hefur verið um langt skeið, einn mikilvægasti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 2017 fóru

þangað rúmlega 61 þúsund tonn af sjávarafurðum, en aðeins Noregur tók við meira á því ári í tonnum talið (útflutningur til Noregs er einna helst fiskimjöl og lýsi). Þegar kemur að útflutningsverðmætum, þá er Bretland í sérflokki. Eins og áður segir voru fluttar út sjávar-afurðir til Bretlands í fyrra fyrir 31 milljarð króna, sem nam tæplega 16% af heildarútflutningi sjávarafurða. Tæplega 3/4 af útflutningi sjávarafurða til Bretlands árið 2017 voru botnfiskafurðir, eða rúmir 22 milljarðar króna. Afurðir af krabbadýrum, skeldýrum og lindýrum (að nær öllu leyti rækja) fóru til Bretlands fyrir um 5 milljarða króna þetta ár, rúmlega 2 milljarðar af uppsjávarafurðum, einkum fiski-mjöl og lýsi, og rúmlega 1 milljarður af flatfiskafurðum. Þegar kemur að einstaka tegundum er verðmæti þorskafurða langmest, en yfir helmingur af útflutningsverðmæti sjávarafurða til Bretlands árið 2017 (fyrir um rúmlega 16 milljarða króna) voru þorskafurðir. Til rækjuafurða má rekja 5 milljarða og 4 milljarða til ýsu. Aðrar einstaka tegundir vega minna. Um fimmtungur af þorskútflutningi frá Íslandi endar á Bretlandi, rúmlega þriðjungur af útflutningi á ýsu og rúmlega 2/3 af útflutningi á rækju. Vægi Bretlands í útflutningi Íslendinga á sjávarafurðum hvað

Útflutningsverðmæti til Bretlands eftir einstaka tegundum 2017 (milljónir ISK)



varðar útflutningsverðmæti náði hámarki 2007, en hefur síðan þá verið á undanhaldi. Kemur þetta einkum til vegna styrkingar nýrra og oft verðmætari markaða, til dæmis í Frakklandi, og samdrætti í afla annarra tegunda sem hafa í gegnum tíðina einna helst farið til Bretlands, eins og t.d. ýsa. Á allra seinustu misserum hefur mikil veiking breska pundsins í kjölfar Brexit-kosninganna án efa haft sitt að segja. En hvernig sem á stöðuna er litið, er engum blöðum um það að fletta að Bretlandsmarkaður er einn mikilvægasti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir.

Bretland sem „brú“ til Evrópu

Samhliða tæknibyltingu í vinnslu á sjávarafurðum á undanförunum árum hefur útflutningur á ferskum flökum aukist til muna og eru þau alla jafna verðmætari afurð. Framleiðsluferlið er eðli málsins samkvæmt mun viðkvæmara. Ferskfiskútflutningur reiðir sig á svokallað „just-in-time“ flutnings-kerfi, það er kerfi sem stólar á nákvæmar tímasetningar og öruggt og stöðugt framboð. Iðulega mega ekki líða meira en fáeinir sólar-hringar frá veiðum þar til vara berst neytanda. Markaður fyrir fersk íslensk fiskflök er í stöðugum vexti í Frakklandi og seldu Íslendingar ferskar afurðir til Frakklands fyrir um 21 milljarð króna árið 2016. Í þessum viðskiptum er Bretland mjög mikilvægur hlekkur; afurðirnar eru gjarnan sendar til Immingham svæðisins, þar sem þeim er umskipað og svo er ekið með þær til Boulogne-Sur-Mer í Frakklandi.

Hingað til hafa ekki legið fyrir opinberar tölur um umfang þess sem fer í gegnum Bretland og áfram á aðra markaði. SFS gerði á haust-mánuðum 2017 könnun meðal félagsmanna, þar sem beðið var um upplýsingar um hvort og hversu mikið notast var við Bretland sem „brú“ yfir á aðra markaði.


1) Ath. að umfang viðskipta við Holland kann að vera ofmetið, sökum þess hve mikið er umskipað í Rotterdam sem fer áfram á aðra markaði.

„... allt frá þriðjungi og upp í tæplega helming af útflutningi á ferskum sjávarafurðum til Frakklands hefur viðkomu í Bretlandi.“

Svörun var góð og má ætla að upplýsingarnar sem liggja fyrir nái til fyrirtækja sem hafa um 80–90% af úthlutuðum aflahlutdeildum. Eðli málsins samkvæmt þarf þó að áætla heildarumfangið út frá þessari svörun.

Gögnin sýna að mikill meirihluti af þeim afurðum sem fara um Bretland og áfram, enda í Frakklandi. Þetta eru helst ferskar botnfiskafurðir eins og þorskur, gullkarfi, ufsi, ýsa, steinbítur og fleiri tegundir. SFS áætla að árið 2016 hafi 7–9.000 tonn af afurðum farið þessa leið og verðmæti þeirra verið um 6–8 milljarðar króna á verðlagi þess árs. Á sama tímabili fóru um 22.000 tonn af ferskum afurðum til Frakklands, eða fyrir um 21 milljarð króna, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Standist útreikningar SFS, er ljóst að allt frá þriðjungi og upp í tæplega helming af útflutningi á ferskum sjávarafurðum til Frakklands hefur viðkomu í Bretlandi. Þá er einnig ljóst að markaður fyrir ferskar afurðir í Frakklandi er með verðmætari mörkuðum sem Íslendingum stendur til boða. Samkvæmt upplýsingum SFS fengust rúmlega 1.400 krónur fyrir hvert kíló af þorski sem fór um Bretland og áfram til Frakklands árið 2016, samanborið við aðeins

Gengi íslensku krónunnar gagnvart breska pundinu



739 krónur að meðaltali fyrir hvert kíló í heildarútflutningi Íslendinga á þorski, á sama tímabili. Samsvarandi tölur fyrir ýsu voru 990 krónur fyrir hvert kíló á móti 836 krónum fyrir hvert kíló að meðaltali. Að lokum eru vísbendingar um það að umfang þessarar starfsemi sé í stöðugum vexti.

Rammi viðskipta Íslands og Bretlands: EES-samningurinn Tollaumhverfi og alþjóðaviðskipti Íslands við lönd ESB, (Bretlands þar með talið), er skilgreint af EES-sáttmálanum. Í sem stystu máli er EES-samningurinn fríverslunarsamningur, sem tengir EFTA-ríkin (Ísland, Noreg,

Sviss og Liechtenstein) við „innri markað“ Evrópusambandsins, það er tollabandalag þess. Ólíkt tollabandalagi ESB er efnislegt gildissvið samningsins takmarkað. Til dæmis falla viðskipti með landbúnaðar- og sjávarafurðir að mestu utan við EES-samningsins. Þá má einnig minnst á svo kallaða „MFN“ (Most favored nation) tolla. Ríki sem eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (World Trade Organization) mega ekki veita ríki tollfríðindi umfram önnur. Þannig má ríki í WTO ekki lækka tolla gagnvart einu ríki án þess að gera slíkt hið sama fyrir öll önnur.

„Sennilega er misræmið milli orðræðu og raunveruleika hvergi augljósara en í tengslum við breskan sjávarútveg.“

Tollar á innflutning sjávarafurða til Bretlands og annarra ríkja ESB eru misháir eftir því um hvers kyns afurð er að ræða. Reglurnar eru ekki einhlítar í þessum efnum, en almennt ræðst tollhlutfall af tvennu:

- *Um hvaða fiskitegund er að ræða:* Ríkari tollvernd er á sumum tegundum, til dæmis á túnfisk, makríl, karfa, síld, hörpudisk o.fl.
- *Vinnslustig afurðarinnar:* Tollar inn til ESB eru almennt séð hærri eftir því sem afurðin hefur verið meira unnin. Þannig bera ýmsar framleiðsluvörur í tollskránni almennt hærri toll en ferskar, frystar, saltaðar eða þurrkaðar afurðir.

Í bókun 9 við EES-samninginn er að finna ákvæði og fyrirbæli í viðskiptum með fisk og aðrar sjávarafurðir milli EFTA/EES-ríkjanna og Evrópusambandsins. Þess utan hefur bókun 6 við fríverslunarsamning Íslands og ESB (þá EBE) frá 1972 að geyma ákvæði um tollfríðindi við innflutning íslenskra sjávarfurða inn á markaði ESB. Bókanirnar tvær skilgreina rammann utan um viðskipti Íslands og ESB með sjávarafurðir. Með bókununum er veitt tollfrelsi fyrir ýmsar tegundir íslenskra sjávarafurða, en í

öðrum tilvikum eru einungis veitt tiltekin tollfríðindi, sem í flestum tilvikum svara til 70% lækkunar almenns tolls. Sumar afurðir eru undanskildar öllum sérstökum tollfríðindum og um þær vörur gilda reglur WTO.

Tollskrár eru mikil völuðarhús og er ógrynni af undantekningum og ívilnunum að finna eftir ástandi afurðarinnar, afurðategund, vinnslustigi o.s.frv. Nefna má að hátt í 1.000 mismunandi vöruflokkar eru í íslensku tollskránni fyrir sjávarafurðir. Ljóst er að núverandi tollaumhverfi er almennt hagfelld fyrir markaðsaðgengi íslenskra sjávarafurða. Tollfrelsi er á allflestum af okkar mikilvægustu tegundum, sér í lagi flestar afurðir af þorski, ýsu og rækju. Þó má blása til sóknar fyrir nokkrar mikilvægar tegundir sem og markaðsaðgang fyrir fullunnar vörur. Mestar hindranir eru augljóslega fyrir makríl og síld, en tollar á afurðum þessara tegunda nema frá 10% og allt upp í 25%. Þá eru nokkrar aðrar tegundir sem bera lága tolla, frá 1%-7%, en heildaráhrif þeirra gætu þó verið umtalsverð. Þetta eru tegundir á borð við ýmsa flatfiska, karfa, steinbít og skötusel. Þá er einnig ljóst að hækkandi tollar eftir vinnslustigi hindra fullvinnslu afurða, nýsköpun og virðisauka hér á landi.

Brexít: Hvað þýðir það?

Þann 23. júní 2016 kusu 51,9% af þeim Bretum sem nýttu atkvæðisrétt sinn (kosningaþátttaka var 72,2%) að ganga út úr Evrópu-sambandinu. Fá mál hafa dregið jafn mikinn dilk á eftir sér í hinum vestræna heimi á 21. öldinni. Um leið varð ljóst að brotthvarf Breta úr Evrópusambandinu, hvar það hafði verið frá árinu 1973, myndi hafa gríðarlegar afleiðingar á nær öllum sviðum bresks samfélags. Bretland á samkvæmt nügildandi tímalínu að segja sig formlega úr sambandinu 29. mars 2019.

Deilan um Brexit, bæði í aðdraganda og kjölfar kosninganna, var og er enn tilfinningaþrungin, og fáir virðast hafa nokkra vissu um það hver niðurstaðan verður. Bretland hefur orðið mjög samofið Evrópusambandinu á þeim tíma sem það hefur verið hluti af því, ekki síst innri markaði þess. Það er að hluta til þess vegna sem viðfangsefnið „Brexit“ er svo umfangsmikið og snúið og raunber vitni. Sennilega er misræmið milli orðræðu og raunveruleika hvergi augljósara en í tengslum við breskan sjávarútveg. Breski flotinn og fiskveiðar skipa stóran sess í þjóðarsálinni, þrátt fyrir að greinin standi undir innan við 0,1% af landsframleiðslu. Jafnframt telja



margir að hallað hafi undan fæti í breskum sjávarútvegi og vilja menn einkum beina fingrinum í átt að Brussel og að sameiginlega fiskveiðistjórnunarkerfinu (e. Common Fisheries Policy). Hvað sem því líður þá hrifust margir með í breskum hafnarbæjum þegar yfirlýsingar voru gefnar um að Bretar myndu nú „endurheimta lögsögu sína“ (e. „take back our waters“). Fljótt á titið virðist þó eins og fáir hafi gert sér fulla grein fyrir flóknu samspili bresks sjávarútvegs við ESB og ýmsum áhrifaþáttum sem taka þurfti með í reikninginn við hagsmunamat. Það er nefnilega algjörlega ófyrirséð hvort Brexit muni hafa í för með sér jákvæð eða neikvæð heildaráhrif fyrir breskan sjávarútveg, til skamms og langs tíma. Þá virðist líklegt að áhrifin á hagsmunahópa verði breytileg. Ýmsar sviðsmyndir liggja fyrir, en niðurstaðan mun að öllu leyti stýrast af því hvernig samskipti Bretlands og ESB verða eftir Brexit.

Sjávarútvegur í Bretlandi
Á Bretlandseyjum búa rúmlega 66 milljónir, samanborið við aðeins 348 þúsund á Íslandi. Þrátt fyrir það má segja að umfang fiskveiða sé um marga svipað í löndunum tveim, þó að vægi sjávarútvegs í samfélögum landanna sé mjög frábrugðið. Á árinu 2016 lönduðu um 12 þúsund

sjómenn á rúmlega 6 þúsund bátum í Bretlandi um 700.000 tonnum af fiski og sjávardýrum. Á sama tímabili lönduðu rúmlega 4 þúsund sjómenn á um 1.650 bátum rúmlega 1 milljón tonna af fiski á Íslandi. Aflaverðmæti breskra skipa var árið 2016 rúmlega 153 milljarðar króna (á gengi ársins 2016), en aflaverðmæti íslenskra skipa var á sama ári 133 milljarðar. Rétt um 2/3 af veiði breska flotans var landað í Bretlandi árið 2016, sem samsvaraði um 3/4 af aflaverðmæti þess árs. Það sem landað er utan Bretlands er að mestu uppsjávarfiskur. Hvað varðar einstaka tegundir eru mikilvægustu veiðar Breta tvímælalaust á makríl, en árið 2016 veiddu þeir rúmlega 217 þúsund tonn af makríl, fyrir um 31 milljarð króna. Til samanburðar veiddu Íslendingar tæplega 170 þúsund tonn af makríl sama ár, sem skilaði sér í aflaverðmæti upp á tæplega 11 milljarða króna. Aðrar mikilvægar tegundir fyrir Bretana eru t.d. leturhumar, hörpuðiskur, skötuselur, þorskur, ýsa og önnur krabba- og lindýr. Líkt og í mörgum öðrum ríkjum hefur sjávarútvegur breyst mjög frá upphafi 20. aldar. Menn í Bretlandi upplifa það sérstaklega að fiskveiðar hafi verið á undanhaldi, einkum frá því að Bretarnir gengu inn í ESB. Þannig hefur frá árinu 1948 verið 75% samdráttur í fjölda sjómanna, 60%



samdráttur í lönduðum tonnum af fiski og 57% samdráttur í afla-verðmæti á föstu verðlagi.

Bretar standa framarlega í fiskvinnslu. Samkvæmt minnisblaði framkvæmdastjórnar Evrópu-sambandsins er fiskvinnsla í Bretlandi sú umfangsmesta í Evrópu, ef horft er til veltu og atvinnu. Í Bretlandi voru 376 fiskvinnslur árið 2016, þar af 69 lax- og ferskvatnsvinnslur og ársverkin um 18 þúsund. Nýjustu samandregnu fjárhagstölurnar fyrir fiskvinnsluiðnað í Bretlandi eru frá 2014, en þá nam velta fiskvinnsla í Bretlandi rúmlega 600 milljörðum króna á gengi ársins 2014. Til samanburðar voru 3.800 starfandi á Íslandi í aðal- eða aukastarfi í fiskiðnaði árið 2016, en árið 2014 nam velta fiskvinnsla á Íslandi rúmlega 210 milljörðum króna. Eftir landsvæðum eru tvö sem skera sig úr: Humberside í Englandi og Grampian í Skotlandi, en fiskvinnslu er að finna í öllum hornum Bretlands. Eftir atvikum er breytilegt hvort vinnslur noti hráefni frá breska flotanum eða flytji hráefnið inn, til dæmis frá Íslandi. Þrjár af hverjum fjórum vinnslum í Bretlandi notuðu einungis hráefni frá breska flotanum, en 25% fluttu inn hráefni. Það eru einkum litlar frumvinnslur sem

reiða sig á afla breska flotans, en þær vinnslur stunda alla jafna ekki mikinn útflutning sjálfar en selja til sölufyrirtækja eða á heimamarkað. Ljóst er að innflutt hráefni er langmikilvægast fyrir Humberside svæðið, en rúmlega 50% af þeim vinnslum sem flytja inn hráefni eru þar. Humberside svæðið reiðir sig í miklum mæli á íslenskt hráefni og hefur alla tíð gert.

Alþjóðaviðskipti Bretlands
Bretar eru nettó innflytjendur á sjávarafurðum. Um 52% af magni sjávarafurða, sem samsvarar um 66% af verðmætum, sem kemur inní framboðskeðjuna á Bretlandsmarkaði, er flutt inn. Þá er jafnframt stór hluti af veiði breska flotans flutt út, þar sem hægt er að fá betra verð á þeirra helstu tegundum (t.d. makríl, leturhumri o.s.frv.) á erlendum mörkuðum en á heimamarkaði. Þetta þýðir að alþjóðaviðskipti eru gríðarlega mikilvæg fyrir Breta; meirihluti neyslu þeirra er flutt inn og meirihluti veiða er flutt út. Helstu viðskiptalönd Breta eru lönd innan ESB/EES, Kína, Bandaríkin og Færeyjar.

Áhugavert er að benda á, í samhengi Brexit, að um og yfir tveir þriðju af útflutningi breskra sjávarafurða fer á markað í löndum ESB.



„Brexít þýðir í raun að Bretum verður í sjálfsvald sett hvaða stefnu þeir ákveða að taka varðandi regluverk fiskveiða, lögsögu (út að 200 sjómílum), kvótamál og alþjóðaviðskipti. Í raun geta þeir búið til nýtt kerfi frá grunni, ef þá lystir.“

Hvað varðar einstaka tegundir eru Bretar umfangsmiklir innflytjendur á rækju, þorski, laxi, túnfiski og ýsu. Uppistaðan í útflutningi þeirra er svo lax, skel- og lindýr á borð við leturhumar, hörpudisk, rækju og krabba og makríl, mest fer ferskt á markað í ESB. Ljóst er að í tegundum eins og þorski og ýsu er innflutningur gríðarlega mikilvægur fyrir breska markaðinn, þar sem eftirspurn eftir tegundunum er mikil (t.d. fyrir fish&chips), en þeirra eigin veiði á til dæmis þorski er aðeins um 34.000 tonn. Raunar var Ísland stærsti innflytjandi á þorski til Bretlands árið 2016, og næststærsti innflytjandi á ýsu sama ár.

Hvernig horfir Brexít við breskum sjávarútvegi?

Á seinustu áratugum hefur ramminn um sjávarútveg Bretlands verið skilgreindur að mestu af sameiginlegu fiskveiðistjórnunarkerfi Evrópusambandsins. Kerfið setur hámarks aflahlutdeildir fyrir ríki sambandsins, sem síðan útdeila þeim milli útvegsmanna sinna heimalanda. Kerfið skilgreinir einnig regluverk og hvataramma utan um sjávarútveg innan Evrópusambandsins. Samkvæmt kerfinu fá ríki ESB gagnkvæman aðgang að efnahagslögsögu allra hinna ríkjanna, í reynd eins og um væri að ræða eina stóra lögsögu

fyrir Evrópusambandið. Þá eru Bretar jafnframt aðilar að The London Fisheries Convention frá 1964, sem kveður á um að aðilar samningsins hafi aðgengi að lögsögu hinna samningsaðilanna á milli 12 og 6 sjómílna. Umræðan í Bretlandi eftir Brexít kosninguna hefur snúið að því að segja sig frá London samningnum frá árinu 1964 og sameiginlega fiskveiðistjórnunarkerfinu í heild sinni. Þeir sem gengið hafa lengst hafa lagt til að Bretland taki forræði yfir 200 mílna lögsögu sinni að miðlínu og meini erlendum þjóðum aðgang, eða a.m.k. stýri aðgangi með harðri hendi. Nú veiða bresk skip einnig í lögsögum annarra Evrópusambandsríkja og landa jafnvel í höfnum þeirra. Hins vegar er það svo að efnahagslögsaga Bretlands er með gjöfulustu fiski miðum sem hægt er að finna innan ESB. Á yfirborðinu virðist það því vera þannig að hin Evrópusambandsríkin græði meira á hinn sameiginlegu lögsögu en Bretarnir. Ásamt þessu eru menn ekki sam mála um á hvaða grundvelli skuli skipta aflahlutdeildum milli ríkja ESB og segja sumir að forsendur núverandi hlutaskipta séu brostnar og úreldar. Þetta hefur vakið þá tilfinningu í Bretlandi að verið sé að hlunnfara breskan sjávarútveg um réttmæt veiðitækifæri og hægt sé

að kenna Brussel og sameiginlega kerfinu um hnignun sjávarútvegs í Bretlandi á seinustu áratugum.

Eins og sakir standa er mest af fiskveiðilöggjöf og regluverki Bretlands undir hatti ESB. Brexít þýðir í raun að Bretum verður í sjálfsvald sett hvaða stefnu þeir ákveða að taka varðandi regluverk fiskveiða, lögsögu (út að 200 sjómílum), kvótamál og alþjóðaviðskipti. Í raun geta þeir búið til nýtt kerfi frá grunni, ef þá lystir. Rekstrarumhverfi sjávarútvegs, sem og efnahagskerfisins alls, mun ráðast af hve miklu leyti Bretland og ESB ná að stilla saman strengi í samningaviðræðum. Ótal sviðsmyndir eru uppi á borðinu eins og sakir standa. Möguleiki er til staðar á „hörðu Brexít“ þar sem allar öfgafyllstu útkomurnar verða að veruleika: Bretarnir hverfa frá fjórfrelsinu og innri markaðnum að öllu leyti, færa út efnahagslögsögu sína í 200 mílur og stórauki við kvóta sinn á grundvelli þess. Á hinum pólnum er „mjúkt Brexít“, en þær aðstæður eru líkari þeim skilyrðum sem til staðar eru í dag, með mögulegum lítilsháttar breytingum. Inni á milli þessara póla eru ýmsir mildari möguleikar, en það er alveg ljóst að verði einhvers konar

samningur gerður við ESB, þá munu samningaviðræður eiga sér stað á breiðum grundvelli þar sem samspil hinna ýmsu hagsmuna verður mjög flókið. Ekki er víst að sjávarútvegur njóti forgangs í þeim samningaviðræðum, en eins og áður sagði er sjávarútvegur Breta aðeins 0,1% af landsframleiðslu. Talið er líklegt að ýmsar aðrar greinar verði í forgangi, til dæmis þjónustuútflutningur (sér í lagi fjármálaþjónusta) og framleiðslugreinar (bílaframleiðsla, flugvélar, lyfjaframleiðsla og fleiri).

Þegar sviðsmyndir eru dregnar upp um áhrif Brexít á breskan sjávarútveg, þarf að hafa í huga þann breytileika sem til staðar er í breskum sjávarútvegi. Í Bretlandi er mikill fjöldi mismunandi báta sem sérhæfa sig í mismunandi tegundum af veiðum. Hvað varðar Brexít eru hagsmunir stórútgerða í Skotlandi og Norður-Englandi ekki þeir sömu og smábátaeigenda á suðvesturströnd Englands eða í Wales. Sömuleiðis eru hagsmunir annarra fyrirtækja í virðiskeðju sjávarafurða einnig mismunandi; fiskeldisfyrirtækja, fiskvinnsla og sölufyrirtækja. Meginviðfangsefni Brexít fyrir breskan sjávarútveg snúast um fjóra þætti: kvótamál, alþjóðaviðskipti (tollamál og markaðsaðgang), aðgengi að lög-



sögu og kvótasetningu þjóða í milli á deilistofnum.

Það er alveg ljóst að það er réttur Bretlands að stýra aðgengi að eigin lögsögu og hversu mikið þeir veiða í henni. Það er jafnframt ljóst að það er að mörgu leyti úrelt hvernig kvóta er skipt í dag miðað við núverandi aðstæður. Ef Bretland tæki sér kvóta út frá þeim stofnum sem má með góðum rökum segja að þrífist í þeirra lögsögu, gætu þeir stóraukið veiði á fjölmörgum tegundum. Í þessu samhengi er áhugavert að benda á að í Ermasundinu, þar sem langmest af þorskinum er í breskri lögsögu, fá Bretar aðeins 9% af kvótanum en Frakkar eru með 84%. Þó verður að hafa í huga að Evrópusambandið er gríðarlega mikilvægt markaðssvæði fyrir breskar sjávarafurðir, sérstaklega fyrir makríl og skelfisk, en einnig fyrir eldisafurðir. Það þykir ólíklegt að ESB láti það óátalið að Bretland fari harkalega fram er varðar aðgengi að lögsögu og kvóta, því sjávarútvegur landa á borð við Danmörku, Holland, Frakkland og Írland reiðir sig í miklum mæli á aðgengi að bresku lögsögunni. Svar Evrópusambandsins yrði að öllum líkindum á þá leið að reisa tollmúra og torvelda markaðsaðgang, sem hefði afdrifaríkar afleiðingar fyrir mörg sjávarútvegsfyrirtæki í Bretlandi.

Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir Ísland?

Í ólgusjó Brexít liggja hagsmunir Íslendinga einkum í tollamálum og fýsileika Bretlands sem umskipunarlands.

Eins og sakir standa er markaðsaðgengi almennt gott fyrir íslenskar sjávarafurðir. Tollfrelsi er fyrir allar mikilvægustu tegundirnar og löng hefð er fyrir viðskiptum á milli landanna, einkum vegna útflutnings Íslendinga á þorski, ýsu, rækju og fleiri tegundum. Ljóst er að Íslendingar munu þurfa að gera nýjan fríverslunarsamning við Bretland, hvort sem er með öðrum EFTA ríkjum eða upp á eigin spýtur. Það er mikið hagsmunamál að í slíkum samningi sé að lágmarki viðhaldið þeirri tollaumgjörð sem gildir í dag. Að auki má blása til sóknar í tollamálum á nokkrum tegundum, til dæmis á ýmsum flatfiskum, botnfiskum, síld og makríl, ásamt því að vinna að lægri tollum fyrir fullunnar vörur. Hvort hægt verður að ná árangri á þessu sviði ræðst af gangi samningaviðræðna, sem munu væntanlega að miklu leyti ráðast af samningsstöðu ríkjanna. Mikilvægi Bretlands fyrir Ísland er að líkum meira en mikilvægi Íslands er fyrir Bretland. En gangi Ísland til samninga ásamt öðrum

„Raunar þykir líklegt að einhvers konar nýtt regluverk í matvælaflutningum milli Bretlands og ESB líti dagsins ljós.“



EFTA ríkjum mun samningsstaðan styrkjast til muna. Þá gæti einnig skipt máli hvernig framvinda lögsögu- og kvótamála verður á milli Bretlands og ESB. Mikilvæg spurning í þessu samhengi er: Ef Bretar stórauka veiði á sumum tegundum og ESB setur upp tollmúra, mun þá breski flotinn sinna eftirspurn heimamarkaðar síns í meira mæli en nú er gert? Svörin við spurningum sem þessum gætu verið þýðingarmikil fyrir afstöðu Breta í samningaviðræðum um fríverslun og markaðsaðgang íslenskra sjávarafurða. Þá er einnig ljóst að Bretum mun líklega vera mikið í mun að vernda fiskvinnslu- iðnað sinn, sem þegar hefur orðið fyrir þungum höggum vegna Brexit. Því verður það ærið verkefni að sækja tollalækkanir á frekari unnum afurðum.

Umskipun í Bretlandi
Hvað varðar fýsileika Bretlands sem umskipunarlands inn á markaði ESB, þá mun það að öllu leyti ráðast af samningum Breta og ESB, þar sem Ísland mun ekki hafa neina aðkomu. Eins og staðan er í dag eru lönd ESB eitt markaðssvæði og er því samræmt regluverk um eftirlit og álögur ásamt lágmarkshindrunum á landamærum. Þetta gæti breyst. Bretland er hentugur staður til

umskipunar við núverandi aðstaður, en nýtt regluverk sem leiðir til tafa eða aukinna gjalda mun breyta myndinni, enda styðst ferskfiskútflutningur við strangar tímatöflur og hnökralausa flutninga. Raunar þykir líklegt að einhvers konar nýtt regluverk í matvælaflutningum milli Bretlands og ESB líti dagsins ljós. Því er mikilvægt fyrir íslenskan sjávarútveg og íslensk stjórnvöld að fylgjast vel með breytingum í þá átt sem og kostnaði við þær og hvernig er unnt að aðlagast til þess að viðhalda þessum verðmæta og vaxandi markaði.

Hvar er málið statt?
Brexit er lifandi ferli í sífelldri þróun. Ennþá er talsverð óvissa um það hver útkoman verður í samningaviðræðum Breta og ESB. Í kosningabaráttunni um Brexit árið 2016 var breskum sjávarútvegi lofað miklu. Eftir því sem að útgöngudagurinn nálgast er raunveruleikinn að skýrast.

Í ræðu sinni þann 2. mars 2018 sagði Theresa May, leiðtogi Íhaldsflokksins og forsætisráðherra Bretlands, að Bretland hygðist vissulega segja sig úr sameiginlega fiskveiðistjórnunarkerfinu og taka yfir lögsögu sína. Minntist forsætisráðherrann einnig á verð-

mæti bresku lögsögunnar og hversu ríkar kröfurnar væru frá þjóðum Evrópusambandsins um aðgang að henni, en kröfurnar sagði hún vera „fordæmalausar“. Í kjölfarið höfðu ýmsir áhyggjur af því að þessi orð gæfu til kynna að lögsagan yrði mögulega notuð sem skiptimynt til þess að ná fram markmiðum Breta á öðrum sviðum. Þessar áhyggjuraddir fengu byr undir báða vængi þegar Bretar og ESB náðu svokölluðum aðlögunarsamningi (e. Transition deal), um þrem vikum eftir ræðu May. Aðlögunarsamningurinn er samningur um tæplega tveggja ára tímabil, frá 29. mars 2019 til 31. desember 2020, þar sem Bretar eru ennþá í raun hluti af Evrópusambandinu. Þetta var gert til þess að takmarka óvissu og víkka tímaramma haghafa til þess að bregðast við. Hvað varðar sjávarútveg, munu Bretar ennþá vera hluti af sameiginlega fiskveiðistjórnunarkerfinu út aðlögunartímann. Hlutur þeirra í heildarkvóta verður tryggður út tímabilið, en þeir munu ekki hafa beinan atkvæðisrétt innan kerfisins meðan á aðlögunartímanum stendur. Ljóst er að þessi niðurstaða er ekki hagstæð fyrir breskan sjávarútveg, en innan hans bjuggust margir við því að Bretland

„Donald Tusk, forseti Evrópuráðsins, sagði til að mynda fyrr á árinu, að sama hver niðurstaðan yrði, þá yrðu viðskipti eftir Brexit ekki greiðari, heldur flóknari og kostnaðarsamari.“

yrði sjálfstætt strandríki með umráð yfir eigin lögsögu strax 30. mars 2019. Nicola Sturgeon, ráðherra Skotlands, brást til dæmis við með því að segja að með aðlögunarsamningnum væri Íhaldsflokkurinn að setja sjávarútveg á útsölu og að þegar væri búið að svíkja fjölda þeirra loforða sem höfðu verið gefin sjávarútveginum, fyrir og eftir Brexit kosninguna. Fleiri vísbendingar hafa borist um að viðskipti milli Bretlands og ESB muni koma til með að verða torveldari. Donald Tusk, forseti Evrópuráðsins, sagði til að mynda fyrr á árinu, að sama hver niðurstaðan yrði, þá yrðu viðskipti eftir Brexit ekki greiðari, heldur flóknari og kostnaðarsamari. Þetta kom í kjölfar minnisblaða sem send voru út innan ESB þar sem sjávarútvegsfyrirtækjum var ráðlagt að búa sig undir stóru aukið flækjustig á landamærum Bretlands og ESB. Þar má nefna aukið matvælaeftirlit, flóknara afgreiðsluferli og torveldari aðgang að höfnum. Þegar þetta er skrifað liggur ekkert fyrir sem fast er í hendi, en aðlögunarsamningurinn er skilyrtur með því að lokasamningur náist um útgöngu Bretlands úr ESB.

Enn er mikil óvissa um Brexit vegna íslenskra hagsmuna. Ekki liggur fyrir hvernig Íslendingar og Bretar munu semja. Ýmsar sviðsmyndir eru uppi, en iðulega er talað um að Íslendingar geri samning einir við Bretland, eða þá að EFTA-ríkin geri samning við Breta sameiginlega. Þá er einnig mikil óvissa um það hver markmið Breta verða í slíkum samningi. Uppi eru ýmsar vangaveltur um hvernig afli og markaðsaðgengi bresks sjávarútvegs gæti komið til með að breytast eftir útgöngu úr sameiginlega fiskveiðistjórnunarkerfinu. Að lokum er ennþá óvissa um hvernig regluverki verður háttað í flutningum á milli Bretlands og ESB, en það mun koma til með að hafa mikil áhrif á hagsmuni Íslendinga.

Utanríkisráðuneytið vinnur nú að hagsmunagreiningu og undirbúningsvinnu hvers konar fyrir komandi samningaviðræður, með það fyrir augu að tryggja íslenska hagsmuni vegna Brexit, sem liggja óneitanlega að miklu leyti í fiski. SFS fylgjast grannt með gangi mála og talar máli greinartinnar í hvívetna; á vettvangi stjórnsýslunnar sem og annars staðar.

Alþjóðamál

Gerð alþjóðasamnings á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni (BBNJ)

Í ár hefst alþjóðleg ráðstefna um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (e. Biodiversity Beyond National Jurisdiction, BBNJ). Um er að ræða mjög víðtækt efnissvið, því að framtíðarsamningur um BBNJ mun snerta hafrétt, allar gerðir hafrannsóknna, umhverfismál, líffræðilega fjölbreytni, líftækni og erfðæfni í lifandi auðlindum, fiskveiðar, einkaleyfarétt, o.m.fl. Samningnum er ætlað að hafa stöðu sem verður hliðstæð svo-kölluðum úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1995. Undirbúningsvinnan hefur staðið í mörg ár en nú er komið að sjálfri samningsgerðinni, sem reikna má með að taki nokkur ár enda mikið undir og sjónarmið mismunandi ríkja mjög ólík. Ísland hefur lagt áherslu á að nýr samningur megí ekki víkja til hliðar núgildandi samningum og alþjóðarétti eða taka yfir efni þeirra, t.d. á sviði fiskveiða. Þarna eru miklir hagsmunir í húfi. Fulltrúi SFS tekur þátt í þessu starfi fyrir hönd samtakanna.

Úthafskarfi og síldarsmugukarfi

Rússar sendu ekki fulltrúa sinn á fundi strandríkja um karfa í Noregshafi (Síldarsmugunni) og úthafskarfa og varð því lítið úr verki á þeim fundum. „Síldar-smugukarfinn“ er stofn með upp-eldisslóð í Barentshafi en útbreiðsla gamals og stórs fisks nær þó út á alþjóðlegt hafsvæði. Þessi stofn var ofveiddur á árum áður en virðist nú vera að eflast með auk-inni nýliðun þótt óvissa sé mikil um stofnstærðina. Strandríkin eru Rússar og Norðmenn og vilja þau nýta stofninn á sjálfbæran hátt sem byggist á bestu fáanlegri vísindaráðgjöf og hafa gert sam-komulag sín á milli um að skipta þar með sér 90% aflans og ætla öðrum aðilum lítinn hlut (ESB, Færeyjar, Ísland og Grænland). Norðmenn leggja mikla áherslu á að byggja skuli skiptinguna á útbreiðslu stofnsins (viðveru í lögsögum ríkja, e. zonal attachment) umfram allt annað og samkvæmt skýrslum heldur þessi stofn sig að verulega miklu leyti í norskri og rússneskri lögsögu.

Þegar hins vegar kemur að úthafs-karfanum þar sem Íslendingar eiga mikilla hagsmuna að gæta kemur annað hljóð í strokkinn. Í því tilviki hafna Rússar alþjóðlegri vísinda-

ráðgjöf og vitna til sinna eigin rannsóknagagna sem sýni annað. Þetta hafa þeir gert um langt árabíl. Þeir deila þó ekki þessum gögnum sínum með öðrum. Þeir telja að svokallaður efri og neðri karfi séu einn og sami stofninn, þrátt fyrir að meðal annars erfðarannsóknir sýni fram á annað. Ráðgjöf Alþjóða-hafrannsóknaráðsins er sú að enginn úthafskarfi verði veiddur. Staðan varðandi úthafskarfann er alvarleg og hafa stofnstærðir minnkað verulega á undanförnum áratugum.

Kolmunni

Þegar samningaviðræður ársins um kolmunna hófust sl. haust voru liðin þrjú ár frá því að Evrópu-sambandið og Færeyjar sögðu sig frá gildandi kolmunnasamningi sem þá hafði verið í gildi frá árinu 2005. Lítið hefur þokast í sam-komulagsátt og engin breyting varð þar á í þeim viðræðum sem áttu sér stað sl. haust. Strand-ríkin samþykktu ráðgjöf Alþjóða-hafrannsóknaráðsins fyrir árið 2018 en eins og staðan er í dag er ekkert samkomulag um skipt-ingu veiðiréttar og strandríkin setja sér því öll einhliða kvóta. Samanlagðir kvótar allra nema rúmum 1,8 milljónum tonna en samþykkt heildaraflamark

„Engar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi strandríkjasamnings um makríl þrátt fyrir að tvö strandríki, Ísland og Grænland, standi enn utan samningsins.“

er tæpar 1,4 milljónir tonna í samræmi við áðurnefnda ráðgjöf. Evrópusambandið og Færeyjar hafa að undanfögnu aukið kvóta sinn töluvert miðað við fyrri hlutdeild og samþykktan heildarafla og taka sér nú 41,4% og 35,5% miðað við samþykkt heildaraflamark, en í fyrri samningi var hlutdeild þeirra 28,07% og 24,05%. Ísland var með 16,23% í samningi frá árinu 2005 en kvóti Íslands fyrir árið 2018 endurspeglar vegið meðaltal þeirrar aukningar sem önnur ríki hafa tekið sér í ár og nemur 21,1% miðað við ráðgjöfina.

Samningsstaða Íslands þarf að vera sterk í komandi viðræðum og lykilatriði í því eru öflugar haf-rannsóknir og mælingar sem sýna fram á viðveru kolmunnans innan íslenskrar lögsögu, en þeim hefur ekki verið sinnt sem skyldi um langt árabíl.

Makrill

Engar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi strandríkjasamnings um makríl þrátt fyrir að tvö strand-ríki, Ísland og Grænland, standi enn utan samningsins. Fyrir fundinum sl. haust lá að venju ráðgjöf um hámarksafla en einnig átti að sam-þykkja nýja aflareglu sem m.a. Ísland tók þátt í að vinna.



Töluverðar umræður urðu um fiskveiðidánarstuðul (F) en Norð-menn knúðu á um að hann yrði hækkaður úr 0,21 sem ráðlagt var af Alþjóðahafrannsóknarráðinu í 0,23. Önnur strandríki lögðust gegn slíku og varð samkomulag um að fara eftir ráðgjöf og að samþykkja nýja aflareglu.

Þrátt fyrir að hafa tekið þátt í vinn-unni við gerð nýrrar aflareglu fyrir makríl stóð Íslandi ekki til boða að skrifa undir samkomulag um að taka hana í gagnið né heldur virtist vera neinn áhugi á að hleypa Íslandi

að samningaborðinu þegar gera skyldi samning um veiðarnar 2018. Niðurstaðan varð því framlenging á samningi Evrópusambandsins, Noregs og Færeyja fyrir árið 2018. Hins vegar voru uppi hugmyndir um að samningnum yrði framlengt til tveggja ára en Evrópusambandið taldi sig ekki geta tjáð sig um samn-ing um stjórn veiða ársins 2019 og ljóst er að þarna spilaði Brexit inn í.

Norsk-íslensk síld

Árið 2010 gengu Færeyingar frá borði í samningaviðræðum um norsk-íslensku síldina. Síðan þá

„Ísland lagði fram tillögu um stöðvun veiða á úthafskarfa líkt og fyrri ár en ljóst var að vegna andstöðu Rússa yrði það ekki samþykkt.“

hafa þeir aukið kvóta sinn miðað við samþykktan heildarafla jafnt og þétt og hafa lýst því yfir að þeir muni aldrei fara aftur til samkomulagsins sem gert var árið 2007. Í þeim samningi voru þeir með 5,16% hlutdeild en 2018 nam einhliða kvóti þeirra 20,31% af samþykktu heildaraflamarki.

Fyrir fundi strandríkjanna sl. haust lá ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins þar sem m.a. kom fram að nýliðun væri afar léleg og stofninn almennt í slæmu ásigkomulagi. Ekki var langt liðið á fundinn þegar tilkynnt var að villa væri í útreikningum og að ný ráðgjöf yrði gefin út innan færra vikna.

Í framhaldi voru haldnir tveir aðrir fundir því að Rússar, með stuðningi Færeyinga, voru ekki tilbúnir til að fallast á nýjan og lægri ráðlagðan heildarafla samkvæmt endurskoðaðri ráðgjöf heldur vildu halda sig við fyrri ráðgjöf. Að lokum var farið bil beggja til að ná samkomulagi um heildaraflamark, sem þó var hærra en ráðlagður afli.

Sem fyrr er ekki samkomulag um skiptingu heildaraflamarks milli strandríkja. Í fyrra juku Norðmenn hlut sinn og endurtóku þann leik í ár. Norðmenn voru með 61%

hlutdeild í samningnum frá 2007 en tóku sér nú 70% af samþykktu heildaraflamarki. Ísland fylgdi í kjölfarið og jók kvóta sinn um sama hlutfall og Norðmenn og er kvóti Íslands fyrir árið 2018 16,65% af samþykktu heildaraflamarki en hlutdeildin var 14,51% í samningnum frá árinu 2007.

Ísland hefur undanfarin ár talað fyrir svokallaðri þriggja stofna nálgun í samningaviðræðum við önnur strandríki um uppsjávarstofna þessa, þ.e.a.s. að samið verði samtímis um síld, kolmunna og makríl. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi með slíkri nálgun en þó er ekki loku fyrir það skotið að reynt verði að nýju að fara þessa leið.

Norð austur-Atlantshafs fiskveiðiráðið (NEAFC) Ársfundur Norð austur-Atlantshafs fiskveiðiráðsins (NEAFC) var haldinn í London í nóvember. NEAFC fer með stjórn fiskveiða á úthafi Norð austur-Atlantshafsins. Aðildarríki eru, auk Íslands, Evrópusambandið, Noregur, Rússland og Danmörk fyrir hönd Færeyja og Grænlands.

Þar sem ekki lá fyrir endanlegt samkomulag strandríkja um deilistofnana þegar ársfundurinn hófst

í nóvember var eingöngu samþykkt að öðrum en NEAFC ríkjum væru óheimilar veiðar á kolmunna, makríl og síld á alþjóðlegu hafsvæði Norð austur-Atlantshafsins.

Ísland lagði fram tillögu um stöðvun veiða á úthafskarfa líkt og fyrri ár en ljóst var að vegna andstöðu Rússa yrði það ekki samþykkt. Samþykkt var tillaga ESB og Danmerkur fyrir hönd Færeyja og Grænlands um að minnka samþykktan heildarafla úr 6.500 tonnum í stað 7.500. Rússar hafa ár eftir ár sett sjálfum sér einhliða kvóta sem er margfalt hærri en sem nemur samþykktri takmörkun.

Noregur og Ísland lögðu fram sameiginlega tillögu um aukna varúð við stjórn veiða á djúpsjávartegundum á úthafinu, sérstaklega á þeim tegundum sem ekki lúta sérstökum stjórnunarráðstöfunum, og var hún samþykkt. Samfara þessu er NEAFC falið að greina þróun í afla þessara tegunda á svæðinu og grípa til ráðstafana gerist þess þörf.

Vernd viðkvæmra vistkerfa á úthafinu heyrir undir stjórnun NEAFC og stór svæði þar sem staðfest er að viðkvæm vistkerfi er að finna, til dæmis kóralsvæði, eru lokuð

„Í gildi er samningur strandríkjanna Íslands, Grænlands og Noregs um nýtingu á loðnustofninum sem hrygnir við Íslandsstrendur.“

fyrir öllum veiðum með botnlægum veiðarfærum á stjórnunarsvæði ráðsins. Fundurinn samþykkti að setja á fót vinnuhóp til að skoða samspil fiskveiðistjórnunar á alþjóðlegu hafsvæði við vernd viðkvæmra vistkerfa á landgrunni strandríkja.

Loðna

Í gildi er samningur strandríkjanna Íslands, Grænlands og Noregs um nýtingu á loðnustofninum sem hrygnir við Íslandsstrendur. Strandríkin gera árlega samkomulag um fyrirkomulag loðnuveiðanna á grundvelli þessa samnings.

Í framhaldi af gerð skýrslu vísindamanna um mat á dreifingu loðnu eftir lögsögum strandríkjanna þriggja hafa Grænlandingar farið fram á aukinn hlut í loðnunni, en núverandi hlutur Grænlands er 11%, hlutur Íslands er 81% og hlutur Noregs 8%.

Nokkrir samningafundir hafa verið haldnir án þess að nokkur niðurstaða hafi fengist um mögulega breytingu á skiptingu veiðiréttar. Næsti fundur verður haldinn í júní 2018.

Smugusamningur

Árlegum fundi samstarfsnefndar Íslands og Rússlands á sviði sjávarútvegs, sem haldinn hefur verið í desember undanfarin ár, var frestað fram yfir áramót að beiðni Rússa. Viðræðurnar fóru því fram í febrúar í Moskvu. Um er að ræða samráð á grunni tvíhliða bókunar við þríhliða samning Íslands, Noregs og Rússlands, svonefndan Smugusamning. Sem fyrr fá Íslendingar þorsk- og meðaflaveiðiheimildir í lögsögu Rússlands og Noregs í Barentshafi gegn því að veiða ekki Barentshafsporsk í úthafinu. Á grundvelli samningsins á Ísland rétt til að veiða 14.100 tonn á árinu 2018, sem skiptast jafnt á milli lögsagna Noregs og Rússlands. Þorskvóti Íslands í rússneskri lögsögu á þessu ári nemur því 7.055 tonnum auk 2.117 tonna af meðafla. Hluta þorskheimildanna þurfa íslensku útgerðirnar að kaupa af Rússum samkvæmt samkomulagi, eða um 2.646 tonn. Rússar fá 1.500 tonn af kolmunna og 1.500 tonn af makríl, sem dregst frá heildarafla íslenskra skipa. Þessar heimildir geta Rússar veitt utan íslenskrar lögsögu.

Tvíhliða viðræður Íslands og Færeyja

Í desember 2017 fór fram árlegur fundur sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja þar sem samið er um fiskveiðiheimildir Færeyinga í íslenskri lögsögu og gagnkvæman aðgang að lögsögum til veiða. Botnfiskveiðiheimildir Færeyinga hafa verið þær sömu í allmörg ár en hámark þorskafla hefur verið hækkað á undanförunum árum að kröfu Færeyinga. Á fundinum fóru Færeyingar fram á auknar heimildir til veiða á botnfiski og að aflétt yrði á takmörkunum á manneldisvinnslu á loðnu. Ekki tókst að ljúka samningsgerð á fundinum.

Samningsleysið gerði það að verkum að í upphafi árs 2018 höfðu færeysk skip ekki heimildir til veiða innan íslenskrar lögsögu og að sama skapi komust íslensk kolmunnaskip ekki til veiða í færeyskum sjó. Í lok janúar náðist samkomulag við Færeyinga. Samið var um gagnkvæman aðgang að veiðum á kolmunna og norsk-íslenskri síld. Íslendingar hafa áfram heimild til að veiða 1.500 tonn af makríl innan færeyskrar lögsögu en afsöluðu sér 2.000 tonna heimild af Hjaltlandssíld sem ekki hafði verið nýtt um árabíl. Botnfiskheimildir

„Haustið 2015 bönnuðu rússnesk stjórnvöld innflutning á matvælum frá Íslandi til Rússlands. Þar með lauk meira en hálfrar aldar farsælum viðskiptum með íslenskar sjávarafurðir á einum mikilvægasta útflutningsmarkaði Íslands.“

Færeyinga innan íslenskrar lög-sögu héldust óbreyttar, 5.600 tonn, og innan þess er hámark fyrir þorsk 2.400 tonn og keilu 650 tonn. Færeyingar fengu sem nemur 5% af leyfilegum heildarafla loðnu á vertíð en þó að hámarki 25.000 tonn í stað 30.000 tonna áður. Áfram giltu takmarkanir á manneldisvinnslu á loðnu um borð í færeyskum skipum eða í Færeyjum, þó með þeirri rýmkun að heimilað var að veiða tveimur dögum lengur til manneldis eða til 17. febrúar en eftir það var skylt að landa 2/3 af aflanum á Íslandi.

Samningurinn gildir fyrir árið 2018 en sest verður aftur að samningaborði með það að markmiði að gera rammasamning milli þjóðanna um fiskveiðimál fyrir 1. september.

Rússlandsmarkaður

Haustið 2015 bönnuðu rússnesk stjórnvöld innflutning á matvælum frá Íslandi til Rússlands. Þar með lauk meira en hálfrar aldar farsælum viðskiptum með íslenskar sjávarafurðir á einum mikilvægasta útflutningsmarkaði Íslands. Ástæðu þessa má rekja til ákvörðunar

íslenskra stjórnvalda að styðja viðskiptabann Bandaríkjanna, ESB og fleiri ríkja vorið 2014 vegna aðgerða Rússa á Krímskaga. Gagnaðgerðir Rússa fólust í því að setja innflutningsbann á matvæli frá þeim löndum sem studdu viðskiptabannið.


Skemmst er frá því að segja að þetta hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskan sjávarútveg. Rússland var annar stærsti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir í verðmætum talið á eftir Bretlandi og mikilvægasti markaður okkar fyrir frystan uppsjávarfisk. Fyrir viðskiptabann var Ísland stærsti útflytjandi makrils til Rússlands.

Til samanburðar er áhugavert að skoða útflutning matvæla til Rússlands frá nokkrum þeirra ríkja sem bannið nær til. Þar sést hversu mikil áhrif gagnaðgerðir Rússa hafa á Ísland.

Á milli áranna 2014 og 2015 dróst verðmæti útflutnings frystra sjávarafurða til Rússlands saman um 57%. Samdráttur í verðmæti makrils nam um 70% og síldar 67%. Fyrir bann fóru 80% af frystum loðnuhæng á Rússlandsmarkað.

Stærstu útflytjendur á matvælum til Rússlands árið 2013, auk Íslands

Miðað við lönd sem lentu í viðskiptabanni á matvælum



„Það er deginum ljósara að ekkert mun koma í stað Rússlandsmarkaðar.“


Íslensk fyrirtæki hafa unnið jafnt og þétt að því að koma þeim afurðum sem áður fóru á Rússlandsmarkað á aðra markaði. Hins vegar er oft um verr borgandi og smærri markaði að ræða. Við þetta bætist að í mörgum tilfellum er verið að fara inn á markaði með afurð sem ekki er þekkt þar fyrir, sem þýðir mjög oft lægra verð og jafnvel aukinn kostnaður.

Það er deginum ljósara að ekkert mun koma í stað Rússlandsmarkaðar.

Nýjar kröfur um upplýsingalöggjöf vegna innflutnings á sjávarafurðum til Bandaríkjanna

Þann 1. janúar síðastliðinn tóku gildi nýjar kröfur um upplýsingalöggjöf vegna innflutnings á sjávarafurðum til Bandaríkjanna. Reglunum er ætlað að hamla gegn viðskiptum með sjávarafurðir af ólöglegum uppruna.

SFS vann í samvinnu við stjórnvöld að þessu máli allt sl. ár og hefur ásamt Fiskistofu og ráðuneyti útbúið vottorð sem inniheldur þær upplýsingar sem beðið er um og stjórnvöld geta útvegað. Útflytjendur geta sótt slíkt vottorð á vef Fiskistofu og bætt svo við úr rekjanleikakerfum sínum þeim



upplýsingum sem upp á vantar og krafist er. Sem stendur ná þessar kröfur eingöngu til þorskafurða, en fylgst verður grannt með hvort bandarísk yfirvöld hyggist bæta fleiri tegundum sem Íslendingar veiða á listann yfir þær tegundir sem reglurnar ná yfir.

Nýr samningur um stjórnun fiskveiða og vísindasamstarf í Norður-Íshafi

Í lok árs 2017 náðist samkomulag milli Bandaríkjanna, Danmerkur fyrir hönd Færeyja og Grænlands,

Íslands, Japans, Kanada, Kína, Noregs, Rússlands, Suður-Kóreu og Evrópusambandsins um drög að samningi sem kemur í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar í Norður-Íshafi. Samningurinn nær til alþjóðlega hafsvæðisins utan lögsögu ríkja og þó að ekki sé mögulegt í dag að stunda þar fiskveiðar geta möguleikar til slíks opnast ef isinn þar hopar meira en þegar er orðið.

Fiskimál

Vigtarmál

Snemma síðasta sumar voru samþykktar breytingar á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytja- stofna sjávar sem unnar voru í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðu- neytinu. Forsöguna má rekja til ársins 2015 þegar Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi fengu til umsagnar drög að breytingu á umræddum lögum. Þar var gert ráð fyrir grund- vallarbreytingum á vigtun sjávar- afla. Drögin voru að lokum lögð á ís en ekki fallið formlega frá þeim.

Í upphafi sumars 2017 voru svo samþykktar breytingar sem gengu út á hert eftirlit með þeim sem höfðu leyfi til endurvigtunar og skerpt var á viðurlögum. Verklag samkvæmt nýju fyrirkomulagi er þannig, að komi í ljós við eftirlit hjá tilteknum vigtunarleyfishafa verulegt frávík á íshlutfalli í afla skips í tiltekinni fisktegund, miðað við meðaltal íshlutfalls skipsins í fyrri löndunum, skal Fiskistofa fylgjast með allri vigtun hjá sama aðila í allt að sex vikur á kostnað leyfishafa. Verði leyfishafi uppvís að ítrekuðum tilfellum af verulegu frávíki á íshlutfalli þá skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi í allt að eitt ár.

Samtökin telja að núverandi fyrir-
komulag endurvigtunar hafi reynst

vel og stuðlað að meiri gæðum og auknu verðmæti sjávarafurða. Gögn Fiskistofu og úttektir staðfesta að framkvæmd og framfylgni við ákvæði laga um endurvigtun er almennt til fyrirmyndar. Með þeim breytingum sem gerðar voru á framkvæmd, eftirliti og viðurlögum gagnvart brotum við endurvigtun síðastliðið sumar telja SFS að réttar áherslur hafi verið settar við breytingar á reglum um endurvigtun.

Haustið 2017 fengu samtökin send drög að breytingum á reglugerð 745/2016 um vigtun og skráningu sjávaraflla. Breytingin laut að föstu íshlutfalli í óunnum afla til útflutnings. Í grunninn átti að beita sömu aðferðum við eftirlit og sömu viðurlögum og beitt var við endurvigtun, það er að segja, ef yrði verulegt frávik frá föstu 16% íshlutfalli skyldi vigta allan afla skips næstu tvo mánuði og við ítrekuð frávik í fjóra mánuði.

Samtökin bentu á ýmsa annmarka varðandi slíka útfærslu og áttu samráð vegna þessa við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í haust. Meðan á samráði stóð tók ráðherra hins vegar þá ákvörðun að lækka fast íshlutfall í ónunnum fiski til útflutnings í 12% án samráðs við samtökin. SFS mótmæltu harðlega

Þessum vinnubrögðum og munu áfram vinna að því að fá þessa ákvörðun endurskoðaða.

Nýjar kröfur Bandaríkjanna vegna meðafla á sjávarspendýrum

Á grundvelli bandarískrar löggjafar (e. US Marine Mammal Protection Act), sem ætlað er að sporna við meðafla sjávarspendýra við fiskveiðar, liggur nú fyrir að Bandaríkin munu setja kröfur um að hlutfall slíks meðafla fari ekki yfir tiltekin mörk. Þessi nýju viðmið tóku gildi 1. janúar 2017. Upprunaríkjum sjávarafurða sem fluttar eru inn til Bandaríkjanna er gefinn fimm ára aðlögunartími til að uppfylla skilyrði um takmörkun meðafla. Í tilviki Íslands er fyrst og fremst um að ræða meðafla við netaveiðar. Stjórnvöld vinna nú að því að kortleggja stöðuna á Íslandsmiðum, bæði með tilliti til meðafla sem og mats á stofnstærð helstu sjávarspendýra með það að markmiði að mæta þessum kröfum Bandaríkjanna.

Umgebnisnefnd

Samstarfshefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar tók til starfa í lok ársins 2017 eftir nokkurt hlé. Ráðherra sjávarútvegs- mála skipar nefndina að fengnum tilnefningum og í henni eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins og stofnana

þess (Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar) og þrír fulltrúar sjómannasamtakanna, auk fulltrúa smábátaeigenda og SFS. Dr. Kristján Þórarinnsson, stofnvistfræðingur SFS, er formaður nefndarinnar. Nefnd þessi var fyrst skipuð árið 1994 til að móta tillögur og aðgerðir er snerta kjörhæfni veiðarfæra, brottkast, veiðar umfram aflamark og misbresti við vigtun sjávar afla. Nefndin hefur í kjölfarið fjallað um ýmis mál er snerta umgengni, útbúnað veiðarfæra, reglur um veiðisvæði og fleira af þeim toga.

Umgengnisnefnd hefur að undanförnu verið falið að fjalla um tvo mikilvæga málaflokka. Annars vegar er um að ræða aðgerðir og reglur um verndarsvæði á Íslandsmiðum, en í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að er áskilið að slíkum verndarsvæðum skuli komið á. Nefndin hefur þegar skilað fyrstu tillögum sínum í þessu efni. Hins vegar er um að ræða vinnu að greiningu stöðunnar og tillögum um aðgerðir vegna meðafla sjófugla og sjávarspendýra við netaveiðar. Það mál er nú bæði brýnt og mikilvægt vegna strangra skilyrða sem mikilvægt markaðslönd íslenskra sjávarafurða setja útflutningsþjóðum í þessum efnum. Þar má benda á ný skilyrði sem bandarísk löggjöf setur vegna

meðafla sjávarspendýra í veiðum sem lúta stjórn upprunalands sjávarafurða. Umfjöllun um þessi mál mun halda áfram á vettvangi umgengnis-nefndar. Að auki getur nefndin haft frumkvæði að umfjöllun um önnur mál á sínu sviði.

Opnun svæða sem lokað hafði verið fyrir dragnótaveiðum

Árið 2010 var nokkrum svæðum við Vestfirði, út af Ströndum, fyrir Norðurlandi, Norðausturlandi og Austfjörðum lokað með reglugerðum fyrir dragnótaveiðar. Áttu þær lokanir að vera tímabundnar og falla niður við lok fiskveiðiársins 2014/2015. Ráðherra ákvað hins vegar að framlengja lokanirnar þar til starfshópur ráðherra um heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum hefði skilað álit.

Samtökin hafa ásamt félagsmönnum og með Samtökum dragnótamanna lengi unnið að því að mikilvæg svæði til dragnótaveiða séu höfð opin, enda standi ekki mikilvæg rök gegn slíku fyrirkomulagi.

Sjónarmið starfshópsins var að engin fiskifræðileg rök væru fyrir viðkomandi svæðalokunum enda hefði Hafrannsóknastofnun

margítrek að rannsóknir sýndu að áhrif dragnótaveiða á botn og lífríki séu tiltölulega lítil. SFS tóku undir þessi sjónarmið starfshópsins og fóru fram á að viðkomandi svæðalokanir yrðu felldar úr gildi. Lokanir þessar hafa nú í aðalatriðum verið felldar úr gildi.

Kolmunnaverðar

Reglugerð um kolmunnaveiðar var breytt í apríl 2017 og takmörkun sett á þann afla sem leyfilegt var að veiða innan færeyskrar lögsögu. Var hverju skipi óheimilt að veiða meira en 82,5% af aflamarki sínu í kolmunna í lögsögu Færeyja. Um haustið var ljóst að erfiðlega gekk fyrir einstök skip að uppfylla þetta skilyrði og féllst ráðuneytið þá á að heimila Fiskistofu, samkvæmt beiðni eiganda/eigenda fiskiskipa, að reikna allan afla tveggja eða fleiri skipa í kolmunna sem eitt mengi við uppgjör.

Eftir töluverðar viðræður í haust við starfsmenn ráðuneytisins varð ljóst að ekki var áhugi af hálfu stjórnvalda að falla frá þessari takmörkun. Í ljósi þessa og þeirra erfiðleika og óhagræðis sem ákvæðið skapaði við skipulag veiða óskuðu SFS eftir því að haft skyldi samráð við samtökin áður en tekin yrði ákvörðun um fyrirkomulag veiða á kolmunna fyrir árið 2018.

„Meðan á samráði stóð tók ráðherra hins vegar þá ákvörðun að lækka fast íshlutfall í óunnum fiski til útflutnings í 12% án samráðs við samtökin. SFS mótmæltu harðlega þessum vinnubrögðum og munu áfram vinna að því að fá þessa ákvörðun endurskoðaða.“



Við upphaf kolmunnavertiðar í ár var gefin út reglugerð þar sem kveðið er á um að skipi beri að veiða 25% af aflamarki sínu í kolmunna utan færeyskrar lögsögu. Að auki var leiðrétt það magn sem hverju skipi bæri að veiða utan færeyskrar lögsögu ef það nýtti ekki að fullu heimild sína til að veiða í færeyskri lögsögu árið 2017 eða veiddi umfram þá heimild. Ekki var haft samráð við samtökin við þessa ákvörðun.

SFS hafa hvatt til endurskoðunar á ofangreindu ákvæði reglugerðarinnar enda er ljóst að það hefur veruleg og truflandi áhrif á skipulag og hagkvæmni kolmunnaveiða sem og annarra uppsjávarveiða. Þá takmarkar það verulega möguleika útgerða að gera sem mest úr makríl- og síldarkvótanum ef aflabrögð við kolmunnaveiðar eru léleg á þekktum veiðisvæðum utan færeyskrar lögsögu og eyða þarf miklum tíma í að leita að kolmunna í veiðanlegu magni.

Gjaldskrá Fiskistofu

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök atvinnulífsins lögðust á sínum tíma gegn samþykkt lagafrumvarps sem mælti fyrir um gjaldskrárheimildir til Fiskistofu. Samtökin bentu á að með samþykkt þess væri álagning á sjávarútveginn

aukin verulega. Var það mat samtakanna að með breytingunni væru stjórnvöld komin langt út fyrir það sem telja má eðlilegar gjaldskrárheimildir fyrir veitta þjónustu.

Tekjum ríkisins er ætlað að standa undir rekstri ríkisstofnana. Varðandi sjávarútveginn, þá er veiðigjald lagt á skv. 2. gr. laga nr. 74/2012 „...til að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar.“


Eftir að gjaldskrárheimildir tóku gildi í upphafi árs 2016 hækkaði

til að mynda gjald vegna eftirlitsmanns um borð í fiskiskipi um 136%. Síðan þá hefur komið til árlegra hækkana í samræmi við vísitölu og stendur daggjaldið nú í 81.600 kr. sem útgerð þarf að greiða fyrir veru eftirlitsmanns um borð í skipi meðan á veiðiferð stendur. Að auki skal útgerð, lögum samkvæmt, greiða fyrir fæði veiðieftirlitsmanns og sjá honum fyrir aðstöðu endurgjaldslaust.

Í raun er verið að skattleggja fyrirtækin í greininni umfram það sem fyrirtæki í sjávarútvegi greiða til ríkisins í veiðigjöld, tryggingagjöld, kolefnisgjöld og tekjuskatt.

Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum

Í þúsundum króna á dag



SFS/ Úrvinnslusjóður Endurvinnsla
2017 veiðarfæra

Hreinni strandlengjur og gott orðspor

Kjaramál

Kjarasamningar við stéttarfélög sjómanna og vélstjóra tókust 18. febrúar 2017 og gilda þeir til 1. október 2019 hvað varðar vélstjóra en til 1. desember 2019 hvað varðar stéttarfélög sjómanna. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á kjara-samningi við Farmanna- og fiski-mannasamband Íslands meðal annars um að framlengja samningi til 1. desember 2019.

Ýmislegt hefur verið rætt og ritað um kjaramál sjómanna undanfarin misseri, en meginatriðið er að launakerfi sjómanna byggist á hlutaskiptum aflaverðmætis milli sjómanna og útgerða. Þegar afla-hlutur sjómanna er reiknaður er fyrst fundið svokallað skiptaverð sem getur verið á bilinu 70% til 80% af heildaraflaverðmæti. Af því reiknast skiptaprósentan, sem er mismunandi, allt eftir stærð skipsins, tegund veiðarfæra, fjöldi á áhöfn og greiddum aukahlutum. Því er grundvallarmunur á hluta-skiptakerfi og launakerfi starfs-manna í landi.

Nýmæli og helstu breytingar
Í kjarasamningunum hækkuðu bæði kaupliðir og kauptrygging auk þess sem samið var um að olíuverðsviðmiðun yrði 70,5% af afla til eigin vinnslu. Sú breyting gildir meðan samningsaðilar vinna

að bókun C um heildarendurskoðun kjarasamninga sem skal vera lokið 1. júlí 2019. Samið var um að öryggis- og hlífðarfatnaður yrði endurgjaldslaus til sjómanna auk þess sem sjómönnum yrði tryggt frítt fæði. Þá urðu aðilar ásáttir um að nýsmíðaákvæði yrði tímabundið.

Sömuleiðis má nefna línuuppbót til háseta á línubátum með beitninga-vél á útilegu en fyrsta greiðsla hennar var 15. janúar 2018. Línu-uppbót skal greiða árlega þaðan í frá og ekki síðar en 15. janúar ár hvert. Skipverji sem er á línubát með beitningavél á útilegu, sem hefur verið 110 til 160 daga á sjó, skal fá greidda línuuppbót miðað við fjölda úthaldsdaga á sjó. Hafi skipverji verið fleiri en 160 daga á sjó skal hann njóta fullrar línuuppbótar, en annars hlutfallslega þar sem uppbótin lækkar um 2% hvern dag sem upp á vantar.

Í kjarasamningi við yfirmenn var samið um endurmenntunargjald sem útgerð ber að greiða til lðunnar eða annarrar sambærilegrar stofn-unar eða félags í samkomulagi við útgerð í tilviki VM, en til Félags skipstjórnarmanna samkvæmt kjarasamningi við FFSÍ. Endur-menntunargjaldið er 0,5% af kauptryggingu.

Mönnun og hvíldartími
Í bókun A við kjarasamninga milli SFS og sjómanna var kveðið á um að gera athugun á mönnun og hvíldartíma um borð í íslenska fiski-skipaflotanum. Grunnur þessarar athugunar byggist á gildandi ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985 og reglugerð nr. 975/2004 um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum.

Starfshópur sem kemur að fram-kvæmd þessarar könnunar er skipaður fjórum fulltrúum til-nefndum af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og fjórum fulltrúum tilnefndum sameiginlega af Sjó-mannasambandi Íslands, Sjó-mannafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og VM-Félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Aðilar sammæltust um að skipa sam-eiginlega mann til að sinna verk-stjórn þessa verkefnis og kemur viðkomandi frá Samgöngustofu.

Gengið var frá samkomulagi milli framangreindra aðila nú í upphafi árs 2018 og er nú vinna hafin þar sem könnun á hvíldartíma sjó-manna er framkvæmd með þar til gerðum eyðublöðum sem sjómenn fylla út í sérhverri veiði-ferð. Þeim eyðublöðum er síðan skilað til Samgöngustofu sem sér

„Fiskverð mun þannig breytast hraðar og meira í takt við verðþróun á innlendum fiskmörkuðum.“

um úrvinnslu gagna. Lögð skal áhersla á að setja athugun á upp-sjávarskipum og ísfisktogurum í forgang og kynna samningsaðilum niðurstöðu þeirrar könnunar, enda þótt athugun standi enn yfir vegna annarra fiskiskipaflokka. Gert er ráð fyrir að verkefnið geti tekið allt að einu ári.

Fiskverð
Í kjarasamningum síðasta árs komu samningsaðilar sér saman um nýja nálgun við ákvörðun fisk-verðs þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu. Í stuttu máli voru gerðar tvær meginbreytingar. Annars vegar var samþykkt að styrkja upplýsingagjöf til sjómanna og Verðlagstofu skiptaverðs og hinsvegar að færa fiskverðs-ákvörðun nær í tíma.

Styrkt voru ákvæði í kjarasamning-um um upplýsingagjöf til Verðlags-stofu skiptaverðs. Þannig er fest niður að samningar um fiskverð skuli vera á stöðluðu formi, þar sem komi meðal annars fram verð einstakra fisktegunda, stærð, gæði, markaðs- og gengisviðmið, áætluð ráðstöfun, gildistími og uppsagnarákvæði. Einnig verða teknir upp reglubundnir fundir útgerða við upphaf vertíðar í loðnu, kolmunna, makríl og síld, með fulltrúum sjómanna í

úrskurðarnefnd og starfsmönnum Verðlagsstofu skiptaverðs. Til að draga þetta saman má segja að gagnsæi í verðlagningu hafi verið aukið, samskipti útgerða og áhafna vegna fiskverðssamninga verið styrkt og upplýsingagjöf til eftir-litsaðila verið formfest.

Varðandi fiskverð í viðskiptum milli skyldra aðila skal verð á slægðum þorski miðast að jafnaði við 80% af vagnu meðalverði á grundvelli magns síðastliðinna þriggja mánaða á innlendum fiskmarkaði, að frá-dregnum 5% kostnaði (skilaverð markaðar). Með þessari nálgun eru lögð af 12 mánaða fiskverðsviðmið sem unnið hefur verið eftir sam-kvæmt fyrri kjarasamningum. Fisk-verð mun þannig breytast hraðar og meira í takt við verðþróun á innlendum fiskmörkuðum.

Verðlagsstofa skiptaverðs heldur áfram hlutverki sínu að setja fram lýsingu á sambandi milli þyngdar á fiski og verðs á hvert kíló. Í þessu sambandi skal Verðlagsstofa setja fram lýsingu á að minnsta kosti slægðum og óslægðum þorski, slægðri og óslægðri ýsu og karfa. Verðlagsstofa skiptaverðs annast nánari útreikninga og framsetningu og sker úr hugsanlegum ágreiningi sem upp kann að koma um túlkun á efnisatriðum.

Hið nýja fyrirkomulag sem nú hefur farið eftir, í að verða tæpt ár, hefur gengið vel. Ekkert mál kom til kasta úrskurðarnefndar (um) verðlagsstofu skiptaverðs í botnfiski á árinu 2017 meðan tveimur málum var vísað til úrskurðarnefndar um verðákvörðun á síld. Í hvorugu tilviki var fallist á að verð við-komandi útgerða á síld hafi vikið verulega frá því sem algengast væri samkvæmt 7. gr. laga nr. 13/1998.

Bókanir um skiptimannakerfi og heildarendurskoðun kjarasamninga
Auk þess að skipa starfshóp um mönnun og hvíldartíma á fiski-skipum voru gerðar bókanir um skiptimannakerfi og um heildar-endurskoðun kjarasamningsins.

Varðandi skiptimannakerfin þá hefur á síðastliðnum árum aukist verulega að settar hafi verið skiptimannaáhafnir á skip, enda hefur það skapað betra og fjölskylduvænna starfsumhverfi fyrir skipverja. Það er því mark-mið samningsaðila að tryggja réttindaumhverfi skipverja og útgerða í skiptimannakerfum.

Í bókun B við kjarasamninga sjó-manna er fjallað um að tryggt skuli að ólík skiptimannakerfi leiði ekki til mismunandi réttarverndar



skipverja við veikindi eða slys. Ákvæði sjómannalaga víkja ekki beint að þessu róðralagi og álitamál er um túlkun 36. gr. laganna. Með hliðsjón af dómafordæmum Hæstaréttar Íslands þegar reynt hefur á 36. gr. sjómannalaga, liggur fyrir að ólík skiptimannakerfi leiða til mismunandi réttarverndar skipverja við veikindi eða slys. Mikilvægt er hins vegar að skipverjar njóti sambærilegra réttinda, óháð því skiptimannakerfi sem þeir starfa samkvæmt.

Hafin er vinna við að kanna meðal útgerða hvernig fyrirkomulagi skiptimannakerfa sé háttað og jafnframt veikindatíðni sjómanna hjá útgerðum sem hlutfall af launa-kostnaði þeirra. Ekki síst til að kostnaðargreina og meta þau áhrif sem breytingar kynnu að hafa.

Jafnframt voru aðilar sammála um að á samningstímanum yrðu kjarasamningar yfirfarnir í heild sinni, orðalag einstakra greina fært til nútímans, greinar felldar brott ef ástæða er til og greinum bætt inn ef þörf er á, til að endurspegla betur þróun og breytt vinnubrögð útgerðar fiskiskipa og starfa fiskimanna.

Starfshópur til að vinna að þessu verkefni hefur verið settur á

laggimar, en hann er skipaður fjórum fulltrúum tilnefndum af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og fjórum fulltrúum tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og VM-Félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Fundað hefur verið reglulega.

Starfshópurinn skal miða við að hafa lokið störfum sínum ekki síðar en 1. júlí 2019.

Þau atriði sem skulu koma til umfjöllunar eru:

- Rekstrargrundvöllur einstakra bátaflokka og framtíðarhorfur
- Skiptaverðmæti
- Stærðarviðmiðanir fiskiskipa
- Skiptaprósenta
- Olíuverðsviðmið
- Gjaldtaka stjórnvalda
- Ráðningarsamningar
- Iðgjaldakostnaður slysatrygginga
- Slys- og veikindaréttur í skiptimannakerfum
- Helgar- og hafnarfrí
- Greiðsluhlutfall í lífeyrissjóði
- Fjöldi í áhöfn einstakra bátaflokka, m.t.t. öryggis og hvíldartíma
- Önnur atriði sem aðilar eru sammála um að skoða

SFS vinnur nú að því að kortleggja nánar stærðarviðmiðanir fiskiskipa

svo og rekstrargrundvöll einstakra bátaflokka. Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá félagsmönnum í þessu skyni.

Félagsdómur
Á árinu 2017 var stefnt inn máli til Félagsdóms vegna verkfallsbrota í síðasta sjómannaverkfalli.

Samkvæmt 18. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938 er þeim sem vinnustöðvun beinist að einhverju leyti gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

Deilt hefur verið um hvort eða að hvaða leyti ofangreint lagaákvæði taki til fjölskyldumeðlima eigenda sem eru í stéttarfélaginu eða þeim samtökum sem standa beint eða óbeint að vinnustöðvuninni.

Í framangreindu máli sem kom til kasta Félagsdóms var um að ræða fjóra áhafnar meðlimi sem voru synir, bræður og tengdasonur eigenda skipsins. Þeir voru allir félagsmenn í stéttarfélagi sjómanna. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að hvorki kjara-samningur né 18. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur feli í sér slíka undantekningu. Ekkert

hafi komið fram um að aðstæður hafi verið með þeim hætti að víkja mætti frá meginreglu fyrrgreinds lagaákvæðis með vísan til eignar-réttarsjónarmiða. Þannig skipti engu máli þótt umræddir áhafnar meðlimir hafi tengst eigendum útgerðarinnar umræddum fjölskylduböndum. Ákvörðun um að halda skipinu til veiða með þá innanborðs var því talin vera brot á gildri vinnustöðvun.

Þá er þess að gæta að starfsmaður getur almennt ekki sagt sig úr stéttarfélagi eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst og í sumum félögum ekki á meðan viðræður um kjarasamninga standa. Um það fer nánar eftir lögum viðkomandi stéttarfélags.

Aðrir kjarasamningar
Sérkjarasamningar á milli AFL-Starfsgreinafélags, Drífanda stéttarfélags og Verkalýðsfélags Akraness og Samtaka atvinnulífsins, vegna starfsmanna í fiskimjölsverksmiðjum voru undirritaðir í maí 2017. Kjara-samningar aðila framlengjast til 15. maí 2019 og falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Á formannsfundi aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands í febrúar 2018 var samþykkt að kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins og aðildar-samtaka Alþýðusambands Íslands myndu halda. 28 formenn felldu tillögu um riftun og 21 var með. Kjarasamningar halda því til 31. desember 2018 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Vinnufriður er því tryggður fram til ársloka. Samningsaðilar hefja undirbúning kjaraviðræðna í maí með það að markmiði að nýir samningar taki gildi um næstu áramót.

Laun og kauptaxtar á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 4,5% þann 1. maí 2017 samkvæmt gildandi kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands. Á árinu 2018 kom önnur hækkun til framkvæmda þegar laun og kauptaxtar hækkuðu um 3%. Þessu til viðbótar

má einnig nefna að framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð hækkaði 1. júní 2017 um 1,5 prósentustig og varð 10%. Framlag atvinnurekanda hækkar svo aftur 1. júní 2018 um 1,5 prósentustig og verður 11,5%. Reiknitölur hóplaunakerfis og ákvæðisvinnu og fastur bónus breyttust einnig 1. maí 2017 og aftur 1. maí 2018.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eru með tvo fulltrúa í Starfsfræðslu-nefnd fiskvinnslunnar. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að hafa eftirlit með framkvæmd kjara-samningsbundinna námskeiða fiskvinnslufólks, sem haldin verði á vegum viðurkenndra fræðsluaðila, samstarfsaðila Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í samstarfi við hlutaðeigandi fyrirtæki og á þeim tímum sem hentar með tilliti til vinnslunnar. Á síðastliðnum miss-erum hefur Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar verið að kanna hvort hægt sé að kenna námskeiðin í fjarnámi án þess að það komi niður á gæðum og tilgangi námskeiðanna. Slík breyting mun verða til hagsbóta fyrir nemendur og fyrirtæki.

Sjálfvirkni í fiskvinnslu er sífellt að aukast og framfarir í hugbúnaði alltaf að verða meiri. Í nýjum fiskiðjuverum hafa störf breyst samhliða nýrri tækni. Þrátt fyrir að fiskvinnslur hafi tekið miklum breytingum þá hefur bónuskerfi fiskvinnslufólks haldist óbreytt. Vegna þessa er mikilvægt að endurskoða bónuskerfið meðal annars til að mynda hvata sem falla betur að tækni og vinnubrögðum í nútímalegum fiskvinnslum. Afkastatengdar greiðslur í sjávarútvegi eiga sér mjög langa sögu og má finna heimildir frá því í kringum 1930 um bónusgreiðslur í síldarsöltun og vöskun á saltfiski. Síðan verða umtalsverðar breytingar á bónuskerfinu árið 1987 og lýkur svo með rammasamningum um hóplaunakerfi árið 1992.

Til marks um þær breytingar sem hafa orðið í fiskvinnslunum störfuðu þar um 8.100 manns árið 1997, en 2.800 árið 2017. Sjálfvirkar vélar vinna í dag mörg erfiðustu verkin og þökk sé tækni framförum hefur vinnslugeta á hverja vinnustund starfsmanns aukist mikið síðastliðin ár. Í nýjum fiskvinnslum eru störfin jafnframt orðin annars eðlis. Æskilegt er að bónuskerfi hvetji jafnt til afkasta og gæða. Bónuskerfin eiga að þróast rétt eins og tæknin. Innan samtakanna verður áfram unnið að því að greina og leita leiða við að endurskoða bónuskerfin.

FISK 2017

Aflminni vél með
stærri vélarskrúfu

Minni olíu- notkun og loftslags- áhrif

Samstarfsvettvangur

Starfsemi Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar árið 2017-2018

Helsta verkefnið á árinu fólst í að vera umsagnaraðili og faghópur fyrir AVS rannsóknasjóð vegna rannsóknaverkefna sem falla undir veiðar, vinnslu, búnað og gæði.


Faghópur AVS vegna veiða og vinnslu hélt fimm formlega verkefnafundi frá 11. desember 2017 til 2. febrúar 2018. Metnar umsóknir voru að þessu sinni 24 á móti 15 árið 2017. Umsóknir voru í heild 28, þar af 20 rannsóknarverkefni og 4 smáverkefni auk fjögurra framhaldsverkefna.

Í faghópnum eru:
Arnar Sigurmundsson formaður,
Kristján Þórarinnsson, Sigurjón
Arason, Finnur Garðarsson,
Ragnheiður Héðinsdóttir, Ásta
Björk Sigurðardóttir, Högni
Bergþórsson, Friðrik Blomsterberg,
Jóhann Pétur Andersen, Inga
Jóna Friðgeirsdóttir og Guðbergur
Rúnarsson verkefnisstjóri.

Aðalfundur Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar vegna starfsársins 2017 var haldinn þriðjudaginn 11. apríl 2018, í Borgartúni 35. Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og samþykktur einróma. Farið var yfir starfsemi Vettvangsins á starfsárinu 2017 og það sem af er

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

69



2018. Næsti liður var að fara yfir sjóðamál AVS rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs.

Kynntar voru tölur um fjárveitingar til AVS og ráðstöfun þeirra til ýmissa verkefna. Þar kom fram að fjárveitingar til AVS sjóðsins hafa rýrnað mjög á undanförunum árum og er framlagið nú að raunvirði talið vera um 50% af því sem það var fyrir áratug. AVS sjóðurinn er mikilvægur og faghópar eru sérfræðingar á sínu sviði. Samstarfsvettvangurinn og faghópur um veiðar og vinnslu hafa komið, með stuðningi AVS rannsóknasjóðs, að mjög mörgum framfaraverkefnum í sjávarútvegi. Þar má nefna verkefni fyrirtækja sem við verkefni fyrirtækja sem þróa lausnir fyrir vinnslu og veiðar. Mikilvægt er að vel verði stutt við AVS sjóðinn og hann hafi getu til að styðja við áframhaldandi þróun í tækni og búnaði í sjávarútvegi. Verkefni sem fá stuðning frá AVS eru líklegri til að fá stuðning í stærri sjóðum eins og Tækniþróunarsjóði og öðrum sjóðum, bæði innlendum og erlendum.

Tækniþróunarsjóður hefur styrkt um 11 til 12 sjávarútvegsverkefni árlega sem er um 11 til 14% af heildarstyrkveitingum sjóðsins.

Árið 2016 sker sig úr með 24 styrktum umsóknum og hlutdeild styrkja í sjávarútvegi var rúmlega 14%.

Eftir aðalfund var farið í fyrirtækjaheimsókn í Garðabæ og Hafnarfjörð. Heimsótt var fyrirtækið Marel í Garðabæ þar sem Stella Björg Kristinsdóttir markaðsstjóri tók á móti hópnum og kynnti hún ásamt fleiri stjórnendum nýjungar í vinnslubúnaði fyrir fiskverkun. Þá var framleiðsluaðstaða hjá Marel skoðuð. Farið var í Trefjar í Hafnarfirði þar sem Högni Bergþórsson markaðsstjóri tók á móti faghópnum. Skoðaðir voru bátar sem smíðaðir eru úr trefjaplasti. Fimm bátar eru í framleiðslu og eru tveir þeirra stærstu um 30 brúttótonn. Að lokum var Curio í Hafnarfirði heimsótt og tóku þau Axel Pétur Ásgeirsson markaðsstjóri og Hulda Snorradóttir fjármálastjóri á móti hópnum. Curio er vélaframleiðandi sem framleiðir meðal annars flökunarvélar og roðrífur.

Menntamál

Næsta bylting í sjávarútvegi
Fiskurinn er takmörkuð auðlind og hún mun ekki aukast svo mikið að virði að hún nægi til að standa undir heilbrigðum hagvexti. Við höfum með hagkvæmri stjórnun og góðri nýtingu gert þessa auðlind verðmætari. Við getum haldið áfram á þessari braut og styrkt þannig stoðir útflutningstekna. Það gerum við með afleiddum/nýjum greinum á sviði tækni og lífvísinda.

Á vormánuðum 2017 gaf Aton, ráðgjafarfyrirtækið, út skýrslu fyrir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sem bar titilinn *Næsta bylting í sjávarútvegi. Tækniframfarir og sjálfvirkni í sjávarútvegi – áskoranir og tækifæri*. Í skýrslunni er farið yfir þær samfélagslegu breytingar sem hafa orðið og eiga sér stað vegna aukinnar tæknivæðingar og sjálfvirkni í greininni. Íslenskur sjávarútvegur stendur framarlega í þróun hátæknilausna sem nýtast í sjávarútvegi. Greining Aton leiddi í ljós að fjölmörg sóknarfæri felast í þeirri tæknibyltingu sem nú er að eiga sér stað. Ísland hefur einstakt tækifæri til að ná árangri á því sviði og það tækifæri þarf að nýta.

Það er stöðugt verið að þróa tækni sem þjónar sjávarútveginum, hvort sem er á sjó eða á landi. Tækni sem eykur hagkvæmni og nýtingu

og skapar íslenskum sjávarútvegi sérstöðu. Á sama tíma sjáum við vörur unnar úr sjávarfangi (oftar en ekki aukaafurðum) þar sem verðmætið er margfaldað. Innan lífvísinda hefur náðst einstakur árangur í þróun slíkra afurða.

Þegar hefðbundnum störfum í veiðum og vinnslu fækkar verða til önnur sem tengd eru þeirri tækni-væðingu sem á sér nú stað innan greinarinnar og í tengdum greinum. Færri hendur þarf til að vinna beint í vinnslu aflans en fleira fólk þarf til að þróa lausnir til að bæta vinnslu sjávarafurða og auka virði þeirra. Tilfærsla verður á störfum úr fiskveiðum og fiskvinnslu til hátæknigeirans en áfram verður þörf á starfsfólki í vinnslum og til veiða sem vinnur við þær tækni-lausnir sem til verða. Ljóst er þó að þeim störfum mun fækka.

Áskoranir fyrir íslenskt menntakerfi
Þessi tilfærsla starfa kallar á frekari áskoranir fyrir íslenskt menntakerfi, en með nýrri tækni og þróun í sjávarútvegi er mikilvægt að stjórnvöld hugi að menntun þeirra sem munu starfa í sjávarútvegi. Því þarf hið opinbera að huga að uppbyggingu menntakerfis sem styður við iðn-, verk- og tækni-menntun og raungreinar. Að auki

skiptir miklu máli að mennta komandi kynslóðir í skapandi og gagnrýnni hugsun. Mikilvægt er að hlúa að þekkingu og auka rannsóknir sem gerir Íslandi kleift að standa framarlega í þróun og notkun gervigreindar, tæknilausna og þróun afurða á sviði lífvísinda innan sjávarútvegsins.

Fyrirtæki í sjávarútvegi þurfa að sama skapi að huga að endur-menntun og þjálfun starfsfólks sem starfar við þessa nýju tækni. Það er mikilvægt að undirbúa starfsfólk fyrir breytingar sem þegar hafa orðið og þær sem eru á döfinni. Á okkur hvílir sú skylda að sjá til þess að starfsfólk okkar sé vel þjálfað og hæft til að vinna við þær vélar sem tæknivæðing í sjávarútvegi leiðir af sér. Tækifæri til þess geta verið í námskeiðahaldi innan fyrirtækis en einnig að hvetja starfsfólk og veita því svigrúm til að afla sér tæknimenntunar þar sem boðið er upp á bæði námskeið og nám utan vinnustaðar. Tækniþróunin kallar á sérhæfðari störf og sérhæfðara starfsfólk og því er mikilvægt að efla bæði endurmenntun og starfsþjálfun.

Þó enginn geti með nákvæmni sagt hvert verði eðli starfa í framtíð, þá er í öllu falli ljóst að sú tækni-bylting sem þegar er komin á



Vinningslið Hnakkapöns 2018: Serge Nengali Kumakamba, Sóley Sævarsdóttir Meyer, Yvonne Homoncik, Tinna Brá Sigurðardóttir og Julia Robin de Niet.

fleygiferð kallar á víðtæka tækni- og iðnmenntun. Við þurfum að vera í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem eru framundan: að geta mætt framtíðinni með fólki sem hefur þá menntun og færni sem þarf í sjávarútvegi og að ungt fólk sjái sjávarútveg sem eftir-sóknarverðan starfsvettvang.

Við höfum forskot í samkeppni á þessum sviðum vegna sterks og öflugs sjávarútvegs, forskot sem er mikilvægt að halda.

Tækniskólinn
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eiga ásamt öðrum Rekstrarfélag Tækniskólans og sitja fulltrúar SFS í stjórn skólans og einnig í faghópum sem tengjast skól-anum. Samtökin eiga líka full-trúa í starfsgreinaráðum á vegum mennta- og menninga-málaráðuneytis, annars vegar fyrir málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinar og hins vegar fyrir sjávarútvegs- og siglingagreinar.

Í vetur samþykkti Menntastofnun nýjar námskrár fyrir brautir í vélstjórn og skipstjórn en þar er meðal annars gert ráð fyrir þjálfun nemenda um borð í skipum með þjálfunarbók í samræmi við alþjóðlegar kröfur. Með samþykki

nýju námskránna ættu slík verk-námspláss í skip- og vélstjórn á skipum sem eru yfir 45 m og 3000 kW að geta orðið að veruleika á nýju skólaári.

Stjórn Tækniskólans ákvað á síðasta ári að hefja undirbúning að því að koma skólanum í heild sinni undir eitt þak. Í dag eru deildir skólans dreifðar í byggingum víðsvegar um borgina og mikið af því húsnæði er barn síns tíma.

Á nýju skólaári mun einnig taka til starfa nýr skólameistari Tækniskólans. Jón B. Stefánsson hefur gegnt starfi skólameistara frá 2008 en nýr skólameistari er Hildur Ingvarsdóttir verkfræðingur.

Hnakkapön
Hnakkapönið, samkeppni fyrir upp-rennandi sérfræðinga í markaðs-málum, hugbúnaði, tækni- og vörustjórnun var haldin að venju í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Nemendur fá að glíma við raun-veruleg verkefni eða vandamál og kynna niðurstöður sínar fyrir dómnefnd. Í ár fengu liðin þá áskorun að finna leiðir til að styrkja og þar með auka sölu á sjófrystum ufsa til hótela og veitingahúsakeðja í Bandaríkjunum. Samstarfsaðilar voru Brim, Eimskip, Samhentir og Icelandic.

Í ár var sigurliðið skipað Tinnu Brá Sigurðardóttur, Sóleyju Sævars-dóttur, Serge Nengali Kumakamba, Yvonne Homoncik og Julia Robin de Niet en þrjú hin síðastnefndu eru öll skiptinemar við HR. Sigur-liðið lagði til að Brim hæfi sölu á fullunnum ufsa undir eigin vöru-merki inn á nýja markaði á austur-strönd Bandaríkjanna. Hópurinn hélt til Boston á Seafood Expo North America, sem er stærsta sjávarútvegssýning N-Ameríku, í boði Icelandair Group og sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi.

Ábyrgar fiskveiðar
ses. 2017

Upprunamerking
fyrir íslenskar sjávarafurðir

Aukið traust á íslenskar sjávarafurðir

Aukin markaðssetning á saltfiskafurðum

Árið 2017 voru haldnir 6 fundir í félaginu *Íslenskir saltfiskframleiðendur*, ÍSF. Á þeim var rætt nokkuð um þróun saltfisksins fyrir neytendur. Aðilar voru sammála um nauðsyn þess að standa fyrir vörubrúun á saltfiski, til dæmis framleiða saltfisk með svipuðum aðferðum og nú er beitt fyrir ferskar og léttsaltaðar afurðir. Hleypt var af stokkunum verkefni með Mátis, ásamt aðilum í greininni, með umsókn í AVS rannsóknasjóð í desember 2017. Verkefnið hefst á árinu 2018.

Á þessu stjórnarári var líka rætt um að útvíkka markaðssetningu, ekki eingöngu á saltfiski heldur þorski almennt. Markmiðið er að finna sérstöðu á markaðnum þar sem hærra verð fæst fyrir afurðirnar. Rætt var um að ná fram breiðu samstarfi í markaðssetningu á íslenskum þorski. Hægt væri að fá fleiri aðila í slíkt verkefni og ekki útilokað að bjóða flutningsaðilum og öðrum að taka þátt. Þannig væri hægt að tryggja fjármagn inn í verkefnið og stækka það.

Guðný Káradóttir og Björgvin Björgvinsson hjá Íslandsstofu mættu á aðalfund félagsins. Þau fóru yfir verkefnið með stjórninni. Fram kom að tryggja þarf fjármagn til þess, til lengri tíma en eins árs

í senn, svo hægt sé að vinna í friði án þess að mikið af tímanum fari í vinnu vegna fjármögnunar milli ára. Hafa ber í huga að þorskurinn er 43% af útflutningsverðmætum sjávarfangs. Leggja þarf áherslu á að bæta við fleiri markaðssvæðum eins og Frakklandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Félagið hélt aðalfund í Borgartúni 35, fimmtudaginn 16. nóvember 2017. Ársreikningar félagsins, sem Jóhann Pétur Andersen hjá Félagi fiskmjöls og lýsis (FIF) setti upp og endurskoðaði, var samþykktur einróma.

Í stjórn eru Sveinn Ari Guðjónsson formaður, Hjálmar Kristjánsson varaformaður, Páll Kristjánsson, Siggeir Stefánsson og Eggert Halldórsson. Í varastjórn eru Ásbjörn Jónsson og Mikael Símonarson.

Formaður var kosinn Sveinn Ari Guðjónsson og varaformaður Hjálmar Kristjánsson. Fjögur stutt erindi voru flutt á aðalfundi. Mikael Símonarson hjá Golden Seafood Company flutti erindi þar sem hann varpaði fram nokkrum spurningum: Hvernig stöndum við? Hvað erum við að bjóða? Hver er staðan á Íslandi og hver er framtíð saltfisksins?

Undanfarin 5 ár hafa saltfiskframleiðendur tekið höndum saman og unnið að mikilvægum verkefnum til að efla markaðshlutdeild og sýnileika saltfisks. Verð hækkaði tímabundið og íslenskur saltfiskur hefur sérstöðu á markaði. Fleiri úr greininni sækja sýningar í S-Evrópu en áður. Íslandsstofa hefur tekið fullan þátt í markaðsverkefnum saltfisks, auglýsingum og viðburðum með ÍSF.

Staðan á Íslandi er fjölbreytt og góð og framleiðendur eru stöðugt að búa til fleiri framleiðslulínur. ÍSF félagsmenn eru að færa út kvíarnar erlendis, bæði í framleiðslu og sölu. Framleiðendur hafa dregið úr, hætt eða hafið aðra framleiðslu og svo virðist sem „saltfiskheimurinn“ sé að þjappast saman og þeir eru færri sem kaupa saltfisk í gámavis. Hugsu þarf til lengri tíma en einnar vertíðar og gera meira til að tryggja framtíð saltfisksins. Þróunin er hröð og því þarf að bregðast hratt við.

Framtíð saltfisksins er hjá okkur
Ef litið er á framleiðsluþróun á saltfiski miðað við aðrar framleiðslu-aðferðir á þorski, þá hefur lítil breyting átt sér stað í framleiðslu saltfisks í 20 ár. Framleiðsla á léttisöltuðum fiski breyttist í takt við þróun á markaði. Slíkt þarf að gerast með saltfiskinn. Ímynd



Íslensks saltfisks er mjög sterk, sérstaklega á mörkuðum í Suður-Evrópu, en mikilvægt er að leggja áherslu á aðra markaði.

Flestir eru að framleiða og selja fleiri vörur en saltfisk og í stað þess að kynna eingöngu íslenskan saltfisk má kynna íslenskan þorsk og nýta þann vettvang sem fyrir er; vinsældir Íslands og íslensks fisks, og opna þar með fleiri markaðs-svæði. Nýjar kynslóðir hafa ekki tíma til að útvatna saltfisk í 3-5 daga. Nýjar kynslóðir eru upp-teknar af hollustu og einföldum eldunaraðferðum.

Erindi Sigurjóns Arasonar hjá Matís - Leiðir til að auka verðmæti saltfisks
Sigurjón kom inn á ýmsa þætti í framleiðslu saltfisksafurða. Samkeppni er um hráefnið, vinnslan er flókin, vöxtur er lítill á mörkuðum og erfitt að ná fram verðhækkunum. Hann sagði afurðina lifandi með langan afsetningartíma, virðisbættan væri margþætt og að engin bylting hefði átt sér stað.

Verkunarferlið skiptist í vinnslu (vinnslunýtingu), verkun (verkunarnýtingu) og pökkun (pökkunarnýtingu).

Heildarnýting er margfeldi þessara þriggja þátta sem sýndir eru í sviga. Sigurjón fjallaði um áhrif dauðastirðnunar á þyngdar-breytingar í verkun og breytingar í nýtingu í vinnslu- og verkunar-nýtingu og eftir árstíma. Framtíðin byggðist á samkeppnishæfni um hráefni, hámarki frumframleiðslu, aukinni áframvinnslu, fækkun milliliða og aukinni samþjöppun í greininni. Ef afurðaverð er ekki samkeppnisfært leiti hráefnið í aðrar vörur. Verkunarnýtingu flaka með sprautusöltun, með eða án fosfat, komi best út. Að auki komi sprautusöltun og fosfat í veg fyrir þránun og afurðin haldi því betur upprunalegum lit. Útvötnunar-nýting í prósentum sýni að stilla þarf vatnið af í útvötnunarferlinu þar sem það er náttúruafurð sem hefur mismunandi eiginleika, til dæmis hörku og sýrustig. En að lokum sé það markaðurinn sem dragi vagninn en með góðum tengslum er hægt að hafa áhrif á hann.

Erindi Björgvins Björgvinssonar hjá Íslandsstofu um markaðsmál þorsks
Samstarfið er umfangsmikið og 36 aðilar hafa tekið þátt í verkefninu á einhverjum tíma. Fyrirtækin eru í framleiðslu, sölu og þjónustu við

sölu á þorskafurðum. ÍSF ásamt Íslandsstofu og ráðuneyti voru með í upphafi. Mikil þekking og reynsla hefur myndast eftir 4 ára starf. Markaðsrannsóknir, vitund neytenda og tengsl hafa styrkst. Árangursríkt kynningarsamstarf hefur verið á mörkuðum. Til dæmis í tengslum við veitingastaði, kokkaskóla, smásöluverslanir og dreifingaraðila. Mikið er til af markaðsefni og samfélagsmiðlar hafa nýtt sér kynningarefni, sögur, ljósmyndir, myndbönd og fleira.

Almannatengsl
Birthing efnis og umfjöllun á prenti, vef- og samfélagsmiðlum er mikil-væg til að ná árangri. Sérfræðingar og tengiliðir eru á mörkuðunum sem koma að framkvæmd og móta verkefni í takt við einkenni hvers markaðar. Ísland er vinsælt og því áhugavert að taka þátt.

Verkefnið var stækkað í markaðs-verkefni fyrir þorsk almennt þar sem 43% af útflutningsverðmætum sjávarfangs liggja þar. Því eru tækifæri í því að leggja áherslu á gæði og verð. Áhersla er á ferskan fisk, og um 70% verðmæta eru á fjórum stærstu mörkuðunum: Bretlandi, Frakklandi, Spáni og Bandaríkjunum. Talan hækkar í 77% ef fimmta markaðinum er bætt

„Þannig fer vel saman að markaðssetja þorsk og saltaðar afurðir sameiginlega.“

við, sem er Portúgal. Þannig fer vel saman að markaðssetja þorsk og saltaðar afurðir sameiginlega. En hvar er þörfin mest, stærstu tækifærin og mestar líkur á að ná mestri arðsemi í markaðsstarfinu? Nefna má Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Belgíu og Kína. En mest um vert er að ná athygli, auka vit-und og komast í sviðsljósið til að hafa áhrif á betur borgandi hluta markaðsins.

Erindi Bjarna Benediktssonar hjá ÍSF
Fram kom að sala á saltfiskafurðum hefur stöðugt verið að dragast saman og er samdrátturinn allt að 27%. Verð hefur verið að leiðrétast í haust en eftirspurn er ekki sú sama og áður. Mikilvægt er að geta boðið þessa vöru útvatnaða. Áhyggjuefni er að Ísland er að verða hráefnisútflytjandi. Um 15-20 framleiðendur erlendis framleiða saltfisksafurðir úr íslensku hráefni. Það borgar sig ekki í dag að greiða meira fyrir hágæða línufisk, ódýrara er að verka saltfisk sem veiðist í botnvörpu. Nú virðist stóri fiskur-inn, 17-20 og upp úr, vera að sækja á, á markaði. Framboð á fiski úr Barentshafi og frá Alaska hefur minnkað. Fram kom í máli Bjarna að saltfiskvinnslur þurfi áfram að vinna flattan saltfisk fyrir Ítalíumarkað en söltuð flök séu uppistaðan á Spáni.



Útflutningsverðmæti salfisksafurða hvers mánaðar
Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs

